

ÁRSSKÝRSLA 2024



Ársskýrsla 2024

Efnisyfirlit

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	4
STJÓRN OG STARFSFÓLK	5
IÐGJÖLD.....	6
LÍFEYRIR	9
REKSTUR SJÓÐSINS	10
LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA	11
ÁHÆTTUSTEFNA OG ÁHÆTTUSTÝRING	11
ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR.....	19
ÞRÓUN FJÁRMÁLAMARKAÐA	22
VERÐBRÉFAEIGN.....	27
ÁVÖXTUN	28
TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA.....	29
FJÁRFESTINGARSTEFNA VEGNA ÁRSINS 2025	30
STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING FESTU LÍFEYRISSJÓÐS 2024	34
HLUTHAFASTEFNA FESTU LÍFEYRISSJÓÐS.....	42
SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR FYRIR STJÓRN OG STARFSFÓLK FESTU LÍFEYRISSJÓÐS.....	44
STEFNA FESTU LÍFEYRISSJÓÐS UM SJÁLFBÆRNI OG ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR	46
STARFSKJARASTEFNA ÁRSINS 2024	52
ÁRSREIKNINGUR 2024.....	54

Ávarp Stjórnarformanns

Íslenskt efnahagslíf einkenndist af hægari hagvexti á árinu 2024 miðað við fyrri ár. Draga fór úr verðbólgu þegar líða tók á árið. Það jók bjartsýni markaðsaðila sem leiddi til hækkunar bæði hlutabréfa og skuldabréfa. Enn jók á bjartsýni í kjölfar vaxtalækkana Seðlabanka Íslands í október og nóvember, en meginvextir bankans höfðu staðið óbreyttir í 9,25% frá ágúst 2023. Aukin og þrálát verðbólga hefur mjög neikvæð áhrif á skuldbindingar sjóðsins sem eru að fullu verðtryggðar og því var þessi þróun afar hagfelld fyrir sjóðinn. Jarðhræringar á Reykjanesi hafa skapað mikla óvissu á starfssvæði sjóðsins. Mikilvægir innviðir hafa verið og er eru enn í hættu og því forgangsmál að tryggja öryggi þeirra eins og unnt er.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2024 var jákvæð um 10,6%, en að teknu tilliti til 4,8% verðbólgu var hrein raunávöxtun jákvæð um 5,6%. Ávöxtun á bæði innlendum og erlendum hlutabréfum var góð á árinu, en einnig skiluðu skuldabréf sjóðsins þokkalegri ávöxtun. Mikilvægt er að hafa í huga að lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og getur þolað skammtímasveiflur. Í þessu sambandi er vert að geta þess að meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára er jákvætt um 4,1%.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2024 tæplega 320 milljarðar króna og jukust eignir sjóðsins um tæplega 40 milljarða króna eða um 14,2% m.v. lok árs 2023.

Iðgjöld síðasta árs námu tæplega 17,9 milljörðum króna og hækkuðu um 8,7% frá fyrra ári. Til sjóðsins greiddu samtals 20.223 sjóðfélagar hjá 3.128 launagreiðendum.

Á árinu 2024 fengu 12.764 lífeyrisþegar greiddan lífeyri hjá sjóðnum og fjölgaði þeim um 298 frá fyrra ári eða um 2,4%.

Lífeyrisgreiðslur ársins 2024 námu 8,4 milljörðum króna og hækkuðu um 12,7% frá fyrra ári. Skýrist það aðallega af fjölgun greiðsluþega og að nýir lífeyrisþegar njóta þeirrar réttindahækkunar sem ákveðin var í árslok 2022, en einnig vegna þess að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar. Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 47,4% á árinu 2024.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins sem hlutfall af eignum lækkar á milli ára. Hlutfallið var 0,17% árið 2023 en er 0,16% árið 2024. Þetta hlutfall rekstrarkostnaðar er í lægri kantinum meðal lífeyrissjóða.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar verulega á milli ára. Staðan er jákvæð um 0,2% í lok árs 2024, en var neikvæð um 4,4% í lok árs 2023. Staðan batnar bæði vegna lækkunar skuldbindinga sem stafar af nýjum sértækum örorkulíkum sjóðfélaga, en einnig vegna góðrar ávöxtunar eigna.

Áherslur stjórnar á starfsárinu lutu að stefnumótun og uppfærslu megin stefnuskjala sjóðsins. Stjórn lét framkvæma mat á sértækum örorkulíkum sjóðfélaga sjóðsins á árinu, sem leiddi til lækkunar á skuldbindingum hans. Auk þess framkvæmdi stjórn sjálfsmat á störfum sínum eins og undanfarin ár.

Stjórn var sem fyrr samhent í sínum störfum. Formlegir fundir stjórnar á starfsárinu voru 14 en auk þess hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjóri samband á milli formlegra funda þegar tilefni er til. Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, að hausti og að vori í samræmi við samþykktir sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var að vori.

Formlegir fundir endurskoðunarnefndar á starfsárinu voru 7. Hlutverk og tilgangur nefndarinnar er m.a. að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt því að kanna óhæði endurskoðenda sjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins þakka ég starfsmönnum hans, fulltrúaráði og sjóðfélögum fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Eyrún Jana Sigurðardóttir
stjórnarformaður

Stjórn og starfsfólk

Stjórn sjóðsins er skipuð sex einstaklingum. Þrír eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og þrír af stjórn Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamenn eru kosnir á sama hátt. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu hans. Stjórnin fjallar m.a. um breytingar á samþykktum sjóðsins, mótar fjárfestingarstefnu, setur útlánareglur o.fl. Stjórnarmenn Festu lífeyrissjóðs starfsárið 2024–2025 voru:

Nafn:	Starfssvið:	Nafn:	Starfssvið:
Eyrún Jana Sigurðardóttir	Formaður	Anna Ágústa Halldórsdóttir	Varamaður
Sigurður Ólafsson	Varaformaður	Einar Steinþórsson	Varamaður
Halldór Kristinsson	Meðstjórnandi		
Kristín Magnúsdóttir	Meðstjórnandi		
Silja Eyrún Steingrímsdóttir	Meðstjórnandi		
Þór Hreinsson	Meðstjórnandi		

Sjóðurinn er með skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ þar sem vinna tólf starfsmenn, en auk þess eru tveir starfandi á Akranesi og tveir á Selfossi. Hjá sjóðnum starfa því alls 17 starfsmenn í 15,3 stöðugildum. Starfsmenn Festu lífeyrissjóðs eru:


Reykjanesbær	Starfssvið
Gylfi Jónasson	Framkvæmdastjóri
Baldur Snorrason	Forstöðumaður eignastýringar
Agnes Valgeirsdóttir	Deildarstjóri innheimtu
Einar Örn Einarsson	Eignastýring
Elísa María Oddsdóttir	Lífeyrismál / rekstrarbókhald
Gauti Jónasson	Yfirlögfræðingur
Guðleif Bergsdóttir	Alm. afgreiðsla / iðgjöld
Hanna Lewandowska	Almenn afgreiðsla
Jóhann Línal Jóhannsson	Forstöðumaður reikningshalds
Sigurlín Högnadóttir	Lífeyrismál
Stella Rún Kristjánsdóttir	Forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs
Þórarinn G. Reynisson	Innheimta iðgjalda og stéttarfélagsgjalda
Þráinn Guðbjörnsson	Forstöðumaður áhættueftirlits
Selfoss	
Fjóla Dögg Þorvaldsdóttir	Alm. afgreiðsla / iðgjöld
Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir	Lífeyrismál / bókhald
Akranes	
Guðrún Lára Ottesen	Alm. afgreiðsla / iðgjöld
Lilja Gunnarsdóttir	Verðbréfabókhald / lífeyrismál

Endurskoðunarnefnd, sem er undirnefnd stjórnar sjóðsins, er skipuð einum utanaðkomandi aðila, tilnefndum af ársfundi sjóðsins, sem er sérfræðingur á sviði reikningshalds og tveimur stjórnarmönnum. Eftirfarandi aðilar voru í nefndinni starfsárið 2024–2025:

Nafn:	Starfssvið:
Kristinn Bjarnason	Formaður
Halldór Kristinsson	Nefndarmaður
Silja Eyrún Steingrímsdóttir	Nefndarmaður
Kristín Magnúsdóttir	Varamaður

Ytri endurskoðandi sjóðsins er PricewaterhouseCoopers ehf. Innri endurskoðandi er Deloitte ehf.

Skipurit




Festa er jafnframt aðili að samstarfssamningi um Greiðslustofu lífeyrissjóða sem sér um útreikning og greiðslu lífeyris fyrir sjóðinn.

Iðgjöld

Samkvæmt lögum er öllum launamönnum rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Lágmarksiðgjald skal vera a.m.k. 15,5% af iðgjaldsstofni. Greiða launamenn 4% iðgjald af heildarlaunum sínum til samtryggingardeildar lífeyrissjóðs, en launagreiðendur greiða 11,5% mótframlag, samtals 15,5% launa.

Frá og með 1. júlí 2017 hefur sjóðfélögum gefist tækifæri til að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign. Það er önnur tegund séreignarsparnaðar en áður hafði boðist. Hún er að mörgu leyti svipuð viðbótarlífeyrissparnaði, en útgreiðslureglur eru strangari.


Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun iðgjalda samtryggingar- og séreignardeilda sl. 6 ár, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á verðlagi í árslok 2024.




Á árinu 2024 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeilda um 16.764 milljón króna samanborið við um 15.368 milljón króna árið á undan. Um er að ræða 9,1% hækkun milli ára (óverðleiðrétt).

Aldursskipting sjóðfélaga

Meðalaldur sjóðfélaga Festu lífeyrissjóðs er fremur lágur, sé litið til aldursskiptingar. Hlutfall sjóðfélaga yngri en 25 ára með lífeyrisréttindi er 25,2% og 53,0% sjóðfélaga með réttindi eru yngri en 34 ára.




Meðalaldur sjóðfélaga miðað við iðgjaldagreiðslur þeirra er 36,2 ár. Myndin hér að neðan sýnir dreifingu iðgjalda eftir aldri. Iðgjöld yngri sjóðfélaga aukast lítillega á milli ára.




Stærstu iðgjaldagreiðendur

Á árinu 2024 greiddu 3.128 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins. Fimmtán stærstu launagreiðendur stóðu fyrir 26,5% af iðgjöldum. Ícelandair er stærsti launagreiðandinn með 5,1% allra iðgjalda og Norðurál Grundartangi kemur næst með 3,9% allra iðgjalda. Sjóðurinn nýtur þess að vera landfræðilega vel dreifður, en einnig er mikil dreifing á atvinnugreinum. Samdráttur í einni atvinnugrein hefur því ekki jafn mikil áhrif á iðgjaldagreiðslur og hjá sjóðum sem þjónusta afmarkaðri starfssvið.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þá 20 launagreiðendur sem greiddu hæst iðgjöld vegna starfsmanna sinna á árinu 2024.




Á árinu 2024 greiddu alls 20.223 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins, eða 5 færi en árið áður. Þar af voru 15.903 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.



Eins og sjá má á mynd fækkar greiðandi sjóðfélögum umtalsvert á árinu 2020 samanborið við árið á undan, en fjölgar lítillega á árinu 2021 og umtalsvert á árinu 2022. Endurspeglar þetta atvinnuástandið á starfssvæði sjóðsins. Bati hefur átt sér stað í efnahagslífinu og störfum fjölgað þvert á atvinnugreinar frá vormánuðum 2021 og út árið 2024.


Heildariðgjöld samtryggingardeildar námu 16.764 milljónum króna á árinu 2024 og hækkuðu þau um 1.396 milljónir króna frá fyrra ári. Launagreiðendum fjölgaði um 58, voru 3.070 árið 2023 en 3.128 árið 2024.




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 8.236 milljón króna á árinu 2024 en það er 12,7% hækkun frá fyrra ári.


Heildarfjöldi lífeyrisþega á árinu var 12.764 samanborið við 12.466 árið á undan sem er 2,4% fjölgun milli ára. Hafa ber í huga að margir lífeyrisþegar fá greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Ellilífeyrisþegum fjölgaði um 4,0% frá fyrra ári, örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 1,9%, makalífeyrisþegum fækkaði um 9,1%, og barnalífeyrisþegum fækkaði um 3,4%. Lífeyrisgreiðslur eru verðtrygðar og taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs.




Lífeyrisbyrði samtryggingardeildar sem hlutfall af iðgjöldum nam 46,7% á árinu 2024 samanborið við 45,1% árið áður. Lífeyrisbyrði sjóðsins fylgir hagsveiflum að mjög miklu leiti. Atvinnuástandið fram til ársins 2019 var með ágætum en heimsfaraldur (Covid-19) hafði í för með sér aukið atvinnuleysi á Íslandi sem leiddi til lækkunar iðgjalda og þar með hærri lífeyrisbyrði. Sú þróun gekk til baka á árinu 2022 en lífeyrisbyrði eykst síðan lítillaga árin 2023 og 2024, aðallega vegna aukningar í greiðslu lífeyris



Ellilífeyrir vóg hvað þýngst eða rúmlega 68% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins 2024. Hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum var 27,8% á árinu 2024 og lækkaði hlutfallið miðað við árið á undan. Virkum lífeyrisþegum, meðaltal þeirra lífeyrisþega sem fá greiddan lífeyri í hverjum mánuði yfir árið, fjölgaði um 4,4% á milli árána 2023-2024. Nokkuð hafði dregið úr fjölgun milli árána 2020-2022.




Af einstökum tegundum lífeyris aukast ellilífeyrisgreiðslur mest á milli ára, um 13,6%. Greiðslur makalífeyris jukust einnig, um 4,3%, örorkulífeyrisgreiðslur jukust um 11,6% og barnalífeyrisgreiðslur jukust um 5,4% frá fyrra ári.



Rekstur sjóðsins

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins fellur til annars vegar vegna kostnaðar við ávöxtun eigna sjóðsins og hins vegar vegna annars reksturs sjóðsins, s.s. innheimtu iðgjalda og greiðslu lífeyris. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar sem hlutfall af meðalstöðu eigna sjóðsins.



Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall meðalstöðu eigna lækkar úr 0,17% í 0,16% á milli áranna 2023-2024. Það er mikilvægt fyrir sjóðinn að sýna hagræði í rekstri, þar sem lægri rekstrarkostnaður hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.


Kröfur sem gerðar eru til lífeyrissjóða varðandi aukið innra eftirlit, starfaðgreiningu og áhættustýringu hafa aukið kostnað nokkuð á undanförunum árum. Þrátt fyrir það hefur náðst, með mikilli hagræðingu, að halda rekstrarkostnaði Festu lífeyrissjóðs í skefjum undanfarin ár.

Sjóðurinn sinnir einnig skráningu og innheimtu stéttarfélagsiðgjalda fyrir þrjú aðildarfélög sjóðsins og greiða þau fyrir þá þjónustu skv. samningi þar um. Auk þess sinnir sjóðurinn innheimtu iðgjalds til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs samkvæmt samningi.

Lán til sjóðfélaga

Lánveitingar til sjóðfélaga hafa ávallt verið mikilvægur þáttur í starfsemi Festu lífeyrissjóðs. Nokkur vöxtur hefur verið í útlánum til sjóðfélaga undanfarin tvö ár.

Hér að neðan má sjá vanskil sjóðfélagalána Festu m.v. stöðu heildarútlána til sjóðfélaga. Sjá má að hlutfall vanskila af heildarútlánum til sjóðfélaga hefur farið stöðugt lækkandi frá árinu 2012. Vanskil sjóðfélagalána í lok árana 2020 - 2024 eru afar lítil eins og sjá má.



Áhættustefna og áhættustýring

Sjóðurinn framkvæmdi eigið áhættumat á árinu og var það í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Stjórn sjóðsins fjallaði um drög að áhættumati á stjórnarfundum í maí og var tekið tillit til ábendinga er komu fram í kjölfarið. Í lok júní 2024 skilaði sjóðurinn eigin áhættumati til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Niðurstöður eigin áhættumats eru ávallt nýttar við endurskoðun og uppfærslu á áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Unnið var að athugun á örorku- og endurhæfingartíðni sjóðfélaga á árunum 2016 – 2022 í samstarfi við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Þetta er í fyrsta sinn sem reiknaðar eru bæði sértækar örorku- og endurhæfingarlíkur fyrir sjóðinn. Breyting á þessum tryggingafræðilegu forsendum styrkir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins umtalsvert eða um 2,8%.

Áhætta sjóðsins er skilgreind sem hættan á atburði sem eykur marktækt líkur á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Meginmarkmið sjóðsins er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta er því öll þau atvik er geta haft áhrif á að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Skilgreining áhættu nær sér í lagi yfir hættuna á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem sjóðurinn skilgreinir og leiðir ekki til jafn mikillar eða meiri lækkunar skuldbindinga á sama tíma.

Markmið áhættustýringar er að mæla einstaka áhættuþætti, setja skorður og viðmið og stuðla að því að áhætta sé þekkt á hverjum tíma.

Áhættu- og áhættustýringarstefnurnar greina frá umfangi og skipulagi heildar áhættustýringar hjá lífeyrissjóðnum. Hluti af áhættustefnu er lögbundin fjárfestingarstefna sjóðsins sem tilgreinir hvaða og hversu mikla áhættu lífeyrissjóðurinn er tilbúinn að taka. Áhættu sjóðsins er skipt í lífeyristryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu og rekstraráhættu.


Nánari útlistun er eftirfarandi:

Lífeyristryggingaráhætta ▪ Skerðingaráhætta ▪ Iðgjaldaáhætta ▪ Umhverfisáhætta ▪ Lýðfræðileg áhætta ▪ Réttindaflutningsáhætta ▪ Pólítísk áhætta, lög og reglur	Lausafjáráhætta ▪ Seljanleikaáhætta ▪ Útstreymisáhætta
Sjálfbærniáhætta ▪ Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu sem geti haft neikvæð áhrif á virði fjárfestinga	Mótaðilaáhætta ▪ Útlánaáhætta ▪ Samþjöppunaráhætta ▪ Landsáhætta ▪ Afhendingar- og uppgjörsáhætta
Fjárhagsleg áhætta ▪ Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta ▪ Uppgreiðsluáhætta ▪ Markaðsáhætta ▪ Gjaldmiðlaáhætta ▪ Ósamræmisáhætta ▪ Verðbólguáhætta ▪ Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings	Rekstraráhætta ▪ Starfsmannaáhætta ▪ Áhætta vegna svika ▪ Áhætta vegna upplýsingatekni ▪ Orðsporsáhætta ▪ Skjala- og lagaáhætta ▪ Úrskurðaráhætta lífeyris ▪ Áhætta vegna útvistunar ▪ Upplýsingaáhætta


Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við ALM Verðbréf hf. um ráðgjöf og framkvæmd mælinga einstakra áhættuþátta fjárhagslegrar- og mótaðilaáhættu í samræmi við áhættu- og áhættustýringarstefnu.

Lífeyristryggingaráhætta

Einn af mikilvægari áhættuflokkum er falla undir lífeyristryggingaráhættu er lýðfræðileg áhætta. Meðalævi Íslendinga hefur verið að lengjast umtalsvert á undanförunum áratugum og þ.a.l. greiða lífeyrissjóðir sjóðfélögum ellilífeyri í lengri tíma. Síðastliðin ár hefur þó dregið úr þessari aukningu.



Hvað lífeyrissjóði varðar þá skiptir ekki einungis lífaldur máli heldur einnig fjölgun íbúa. Mælikvarði sem vert er að skoða í þessu sambandi er hlutfall 65 ára og eldri af 20-64 ára; þ.e. hlutfall lífeyrisþega af fjölda vinnandi.




Á árunum 2000-2024 hækkaði þetta hlutfall um 5,8%. Samkvæmt spá Hagstofunnar mun þetta hlutfall hækka rólega í framtíðinni en vaxa svo hraðar upp úr 2050. Fjölgun í hópi eldri árganga mun auka lífeyrisgreiðslur og þar með hafa áhrif á lífeyrisbyrði. Hún hefur hins vegar ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Aukin lífaldur hefur sögulega haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða. Til að bregðast við þessu lagði Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga fram tillögur árið 2021 um nýjar lífslíkutöflur sem gera ráð fyrir lækkandi dánarlíkum til framtíðar. Þessar lífslíkutöflur voru staðfestar af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok árs 2021. Til að bregðast við nýjum forsendum voru samþykktar nýjar aldursháðar réttindatöflur á aukaársfundi sjóðsins í lok september 2022. Nýjar samþykktir tóku gildi í byrjun árs 2023.

Meðalaldur öryrkja hjá sjóðnum hefur lítið breyst undanfarin ár. Yngri greiðsluþegar örorkulífeyris fela í sér meiri skuldbindingar fyrir sjóðinn en þeir sem eldri eru þegar til lengri tíma er lítið.



Nýgengi örorku hefur staðið í stað undanfarin ár, en á sama tíma hefur orðið aukning á fjölda þeirra sem hætta á örorku í hverjum mánuði. Niðurstaðan er sú að öryrkjum hjá sjóðnum fækkaði árin 2023 og 2024.



Örorkubyrði Festu lífeyrissjóðs nemur 15,0% af heildarskuldbindingu sjóðsins. Hún var 17,2% í árslok 2023 og minnkar því mikið á milli ára. Þessi jákvæða þróun kemur í kjölfar sértækrar úttektar tryggingastærðfræðinga á örorku- og endurhæfingarlíkum sjóðsins. Það er mikilvægt að sjóðurinn hjálpi sjóðfélögum að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Með lögum um starfsendurhæfingarsjóð er verið að veita miklum fjármunum til starfsendurhæfingar. Það er því forgangsverkefni að nýta þessa fjármuni vel.

Lausafjáraáætla

Lausafjáraáætla er skipt í tvo undirflokk, seljanleikaáætla og ústreymisáætla. Seljanleikaáætla felur í sér þá áætla að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Ústreymisáætla getur hins vegar raungerst þegar mikill samdráttur iðgjaldtekna og/eða snörp hækkun lífeyrisgreiðslna leiðir til lausafjárskorts og þess að sjóðurinn þurfi að losa eignir á óhagstæðum kjörum.

Sjóðurinn hefur sett sér markmið um 2% hlutfall lausafjár sem endurspeglar meðalstöðu sjóðsins til lengri tíma en einnig til að geta staðið við skuldbindingar, s.s. greiðslur lífeyris, mánaðarlega. Ennfremur samanstendur stór hluti eigna sjóðsins af auðseljanlegum eignum. Miðað við veltu á skráðum innlendum verðbréfum í kauphöllinni getur lífeyrissjóðurinn selt stóran hluta af eignum sjóðsins án vandkvæða á nokkrum dögum/vikum í eðlilegu árferði. Stærsti hluti erlendra eigna er jafnframt auðseljanlegur. Seljanleikaáætla sjóðsins er þó töluverð þar sem innlendi markaðurinn er grunnur í samanburði við eignir lífeyrissjóðakerfisins í heild sinni. Samkvæmt síðustu mælingu teljast 68,3% eigna sjóðsins vera auðseljanlegar. Til tregseljanlegra eigna teljast ýmsir innlendir og erlendir sérhæfðir sjóðir, auk einstakra óskráðra innlendra eigna.

Tryggingafræðileg úttekt sýnir að ústreymisáætla er ekki mikil hjá sjóðnum, þ.e. nettó innflæði næstu ár vegur upp mögulegt óvænt ústreymi. Aðild að sjóðnum er kjarasamningsbundinn sem lágmarkar iðgjalda- og réttindaflutningsáætla. Jafnframt eru sjóðfélagar vel dreifðir milli landshluta og atvinnugreina, en það dregur úr áhættu vegna staðbundins atvinnuleysis eða atvinnuleysis í einstökum atvinnugreinum.


Mótaðilaáætla

Við greiningu á mótaðilaáætla er leitast við að meta hættuna á því að gagnaðilar fjármálagerninga standi ekki við skuldbindingar sínar. Undir mótaðilaáætla fellur m.a. útlánaáætla, sem er sú áætla að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Útlánaáætla er mæld með svokölluðu gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Sjóðurinn hefur gert samning við ALM Verðbréf hf. um gerð lánshæfismats fyrir þá útgefendur í safni sjóðsins sem vega meira en 1% af hreinni eign til

greiðslu lífeyris. Eru slík láns hæfismöt gerð árlega, en auk þess hefur sjóðurinn aðgang að greiningum ytri aðila auk þess sem láns hæfismöt einstakra útgefenda eru opinber.


Fjárhagsleg áhætta

Mat á fjárhagslegri áhættu byggir á eignum sjóðsins hverju sinni og mælingu á þeim sjö undirflokkum er falla undir þennan áhættuþátt. Dæmi um mælingu á vaxtaáhættu má sjá á eftirfarandi myndum. Þar kemur fram hversu næmt eignasafn sjóðsins er fyrir breytingum á annars vegar verðtryggðum og hins vegar óverðtryggðum vöxtum.




Myndin sýnir hlutfallslega breytingu á markaðsvirði eignasafnsins ef vextir breytast um 1% (100bp) á tilteknum tíma. Í þessari greiningu er gert ráð fyrir að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðskröfu. Í raun er einungis hluti skuldabréfa sjóðsins gerður upp á markaðskröfu. Mælingin leiðir þó í ljós þá endurfjárfestingaráhættu sem sjóðurinn býr við í umhverfi lækkandi vaxta. Líklegt er að hlutfall skuldabréfa sem virt eru á markaðskröfu fari hækkandi. Þannig hækkaði hlutfallið úr tæpum 41% í rúm 45% árið 2024. Það mun auka sveiflur í ávöxtun sjóðsins og því mun mikilvægi slíkra mælinga fara vaxandi.

Við mat á markaðsáhættu er notuð svokölluð VaR (fjárhæð í húfi) greining. VaR sýnir hámarkstap sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. tiltekna líkur. Þannig eru 1% eða 5% líkur á því að tap vegna breytinga á virði eigna verði meira en sýnt er á mynd. Þar sem skuldabréf sjóðsins eru að mestu gerð upp á kaupkröfu horfir sjóðurinn frekar til mælinga er byggja á þeirri uppgjörsaðferð.



Miðað við uppgjör á markaðskröfu er ólíklegt að nafnávöxtun verði lakari en -5,1%, þ.e., 99% líkur eru á því að nafnávöxtun sjóðsins verði betri.




Miðað við uppgjör á kaupávöxtunarkröfu sem á við um meirihluta skuldabréfaeignar sjóðsins, er ólíklegt að nafnávöxtun sjóðsins á ársgrunni verði lakari en -4,2% miðað við núverandi eignasafn og gefnar forsendur.

Mikilvægt er að hafa í huga að þessir útreikningar byggja meðal annars á sögulegum gögnum um ávöxtun og væntingum um ávöxtun einstakra eignaflokka ásamt spám um verðbólgu og gengi krónu.



Verðbólguáhætta er einn af mikilvægari áhættuflokkum fjárhagslegrar áhættu. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar en eignasafn sjóðsins sjaldnast verðtryggt að fullu. Sumar tegundir eigna kunna þó að hafa eiginleika óbeinnar verðtryggingar s.s. erlend verðbréf við þær aðstæður þegar krónan veikist gagnvart öðrum myntum. Verðtryggingarhlutfall sjóðsins hefur farið lækandi undanfarin misseri. Sú þróun helgast af aukinni áherslu á kaup á erlendum eignum, ásamt gengishækkun erlendra hlutabréfa.

Þegar söguleg árs verðbólga er borin saman við ársbreytingu gengis íslensku krónunnar (mældri með gengisvísitölu) kemur í ljós að sterk tengsl eru á milli breytanna. Verðbólga birtist ýmist samstundis eða með allt að 3-6 mánaða seinkun í kjölfar gengisbreytinga.


Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um hlutfall erlendra eigna. Því er við hæfi að setja fram viðmið um lágmarkshlutfall verðtryggðra eigna sem tekur tillit til þeirrar stefnu. Viðmið sjóðsins er að samsett hlutfall erlendra eigna og verðtryggðra innlendra eigna verði aldrei lægra en 60%. Þetta hlutfall er um 80% í árslok 2024 og því vel yfir lágmarksviðmiði.




Álagspróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem sameiginlegir eru eignum og skuldbindingum.



Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild og í þeim felst uppgreiðsluáætla fyrir lífeyrissjóðinn. Uppgreiðsluáætla er skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri.



Hlutfall uppgreiðanlegra skuldabréfa sjóðsins óx lítillega á árunum 2017-2020, en hefur lækkað nokkuð síðan. Líklegt er að þetta hlutfall fari þó hækkanði í framtíðinni þar sem lítið er um útgáfu óuppgreiðanlegra bréfa. Þess ber þó að geta að ákvæði eru um uppgreiðslugjald vegna flestra skuldabréfa með uppgreiðsluheimild. Innlausnartími uppgreiðanlegra bréfa dreifist yfir langt árabíl eins og sést á myndinni hér að neðan.



Rekstraráhætta

Rekstraráhætta á meðal annars rætur að rekja til áhættu tengda upplýsingakerfum sjóðsins, framkvæmd viðskipta, ófullnægjandi verkferla eða mannlegra þátta. Ofangreinda áhættuþætti er vandasamt að mæla. Með auknu innra eftirliti í starfseminni, skjölun verkferla, ásamt vel skilgreindum eftirlitsferlum, er þó hægt að draga verulega úr þessum áhættuþætti. Sjóðurinn hefur í þessu skyni komið á rafrænu eftirlitskerfi sem fylgist með hlýtingu við lög, reglur og fjárfestingarstefnu.

Árlega er fenginn utanaðkomandi sérfræðingur til að taka út upplýsingakerfi sjóðsins, m.t.t. öryggis og réttleika. Jafnframt er farið yfir neyðaráætlanir sjóðsins sem settar hafa verið til að bregðast við verulegum rekstrarfrávikum. Enn fremur er árlega framkvæmd úttekt á upplýsingakerfi sjóðsins af sérfræðingum í tölvuöryggi.

Innri endurskoðandi sjóðsins gegnir veigamiklu hlutverki í þessu sambandi, en hann gerir árlega úttekt á helstu þáttum í rekstri sjóðsins. Ytri endurskoðandi sjóðsins hefur jafnframt hlutverki að gegna í innra eftirliti, en hann kannar allar afstemmingar sem og staðreynir virðingu eigna og skuldbindinga.

Ábyrgar fjárfestingar

Stjórn Festu hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Stefnan skilgreinir helstu áherslur sjóðsins í sjálfbærni og lýsir hvernig hann hyggst tileinka sér þær í starfsemi sinni. Jafnframt setur sjóðurinn fram þau atriði sem hann telur mikilvæg siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Að auki skal fjárfestingarstefna og hluthafastefna sjóðsins höfð til viðmiðunar við fjárfestingaákvörðanir. Samfara aukinni áherslu á ábyrgar fjárfestingar er Festa stofnaðili að IcelandSIF, félags um aðferðarfræði ábyrgra fjárfestinga.

Þegar fjallað er um ábyrgar fjárfestingar, er horft til þátta er taka til umhverfis- og félagslegra viðmiða ásamt góðum stjórnarháttum félaga (hér eftir sameiginlega vísað til sem „UFS-þættir“). Viðmið í umhverfismálum snúa m.a. að því hvernig fyrirtæki gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar. Félagsleg viðmið snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í. Viðmið um stjórnarhætti snúa t.d. að stjórnun fyrirtækja, launum framkvæmdastjóra, innra eftirliti og réttindum hluthafa. UFS-þættir eru lykilþættir í rekstri sjóðsins sem og við mat á fjárfestingum.

Festa er stór fjárfestir á innlendum verðbréfamarkaði og meðvitaður um að sjóðurinn getur haft mikil samfélagsleg áhrif með fjárfestingarstarfsemi sinni, bæði aukið jákvæð áhrif og dregið úr neikvæðum áhrifum á UFS-þætti eða haft önnur óbein áhrif. Sjóðurinn er hins vegar lítill í alþjóðlegum samanburði. Sjóðurinn getur því haft meiri áhrif á ofangreinda þætti í fjárfestingum sínum á innlendum markaði.

Erlendar fjárfestingar Festu fara að mestu fram í gegn um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði. Leitast er við að velja erlenda samstarfsaðila sem meðal annars hafa sett sér fullnægjandi siðferðisleg viðmið sem og varðandi ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærni við fjárfestingar, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Stefna sjóðsins sem eiganda er að þau fyrirtæki sem sjóðurinn kemur að, starfi í sátt við umhverfi sitt, fylgi lögum og reglum og hafi leiðbeiningar um góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið hverju sinni. Sjóðurinn getur notað atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum ef hann telur vera ósamræmi á milli stefnu fyrirtækis og viðmiða um góða stjórnarhætti.

Ef fyrirtæki sem Festa er eigandi að, verður uppvíst að háttsemi sem gengur gegn stefnu sjóðsins og/eða almennt viðurkenndum viðmiðum á sviði UFS-þátta að mati sjóðsins, mun sjóðurinn beita sér fyrir því að tafarlaust verði brugðist við slíku og látið af háttsemi. Jafnframt verður farið fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur. Ef ekki verður brugðist við með fullnægjandi hætti að mati Festu þá mun sjóðurinn taka það til skoðunar að selja viðkomandi eignarhlut að hluta eða heild ef svo ber undir.

Neikvæðri skimun kann að vera beitt í undantekningartilvikum. Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt, áskilur sjóðurinn sér rétt til að útiloka það úr fjárfestingarmengi sínu. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfelli sem beitt er í þeim tilvikum þegar aðrar leiðir hafa ekki reynst færar til að ná markmiðum sjóðsins.

Festa hefur væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn stofnar til samstarfs við, setji sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Slíkar stefnur eru einn þeirra þátta sem sjóðurinn tekur tillit til við val á samstarfsaðilum.


Það hefur háð eftirliti með ofangreindum þáttum hversu takmarkaðar upplýsingar hafa legið fyrir um þá á innlendum markaði. Nýlegar breytingar á ársreikningalögum sem fólu m.a. í sér auknar kröfur til ófjárhagslegrar upplýsingagjafar félaga hafa þó leitt til úrbóta. Jafnframt hefur aukin umræða og auknar kröfur samfélagsins til slíkrar upplýsingagjafar orðið til þess að félög leggja aukna áherslu á þennan málaflokk.

Festa hefur verið í samstarfi við Reitun frá árinu 2020 varðandi mat á útgefendum skráðra hlutabréfa og skuldabréfa m.t.t. þátta sem falla undir samfélagslega ábyrgð. Þessi UFS mót hafa verið uppfærð reglulega og sendir Reitun út uppfærðar skýrslur um útgefendur minnst einu sinni á ári. Á árinu 2024 vann Reitun UFS mat á 48 útgefendum skráðra hlutabréfa og skuldabréfa á Íslandi.

Mæliaðferð	UFS einkunn		Umhverfispættir		Félagspættir		Stjórnarhættir	
Meðaltal Reitunar	74	B2	70	B2	79	B2	72	B2
Miðgildi Reitunar	74	B2	69	B3	79	B2	73	B2
Vegið meðaltal safns Festu	80	B1	78	B2	81	B1	77	B2

Meðaleinkunn Reitunar á þeim innlendum útgefendum sem þeir meta er 74 stig (á skalanum 1-100) sem jafngildir flokki B2 (á skalanum A1-A3, B1-B3, C1-C3 og D). Meðaleinkunn einstakra þátta er hæst fyrir félagsþætti 79 stig, eða flokkur B2. Meðaleinkunn fyrir flokk um stjórnarhætti er 72 stig, flokkur B2 og flokkur um umhverfispætti með 70 stig, flokkur B2.

Af þessum 48 útgefendum sem Reitun metur hefur Festa fjárfest í fjármálagerningum 35 þeirra. Bréf þessara útgefenda veга um 51% af heildareignasafni sjóðsins, en ríflega 80% af innlendum eignum.



UFS áhættumat innlendra eigna sjóðsins

A1	-
A2	-
A3	Arion banki, Landsbankinn, Kvika Banki, Ölgerðin, Orkuveita
B1	Íslandsbanki, Festi, Marel, Heimar, Skagi
B2	Akureyrarbær, Alvotech, Bláa lónið, Brim, Búseti, Byggðastofnun, Eimskip, Harpan, Hampiðjan, HS Orka, Kópavogsbær, Landsnet, Lánasjóður sveitarfélaga, Rarik, Reitir og Reykjavíkurborg,
B3	Amaroq Minerals, Eik, Félagsbústaðir, Play, HS Veitur og Síldarvinnslan
C1	Alma íbúðafélag, Nova klúbburinn

Það er ánægjulegt að sjá vengið meðaltal á UFS mati í safni Festu hærra en meðaltal Reitunar og hækkað matið lítillega milli ára. Ef horft er til vægis þeirra 35 útgefenda sem metnir voru í safni sjóðsins er meðaleinkunn í safni Festu nú 80 sem gefur UFS matið B1. Meðaleinkunn einstakra þátta er hæst fyrir félagsþætti 81 stig, eða flokkur B1. Meðaleinkunn fyrir flokk um stjórnarhætti er 77 stig, flokkur B2 og flokkur um umhverfisþætti með 78 stig, flokkur B2.

Stjórn sjóðsins hefur sett umhverfismál (sérílagi loftslagsmál) í forgrunn næstu árin. Festa lífeyrissjóður hefur ásamt hópi norrænna lífeyrissjóða sett sér það markmið að um 10% eigna sjóðsins verði í grænni orku í lok ársins 2030. Þessi markmiðasetning er unnin í samstarfi við Climate Investment Coalition (CIC), sem eru alþjóðleg samtök opinberra- og einkaaðila er vinna að því að virkja og hvetja til fjárfestinga í grænni orku, grænum verkefnum og loftslagslausnum (public-private sector initiative). Mun CIC hafa það hlutverk m.a. að fylgjast með framvindu þessarar markmiðasetningar.

Í lok árs 2024 námu grænar fjárfestingar um 6,4% af heildareignum sjóðsins eða sem nam rúmum 20,3 milljörðum króna. Á þeim tíma var sjóðurinn búinn að uppfylla um 42,2% af því markmiði sem stefnt er að í lok árs 2030 og miðast við áætlaða stærð sjóðsins á þeim tíma. Sé tekið tillit til skuldbindinga sem sjóðurinn þegar hefur undirgengist varðandi grænar fjárfestingar í lok árs 2024 nemur heildarhlutfallið um 6,9% af eignum.


Þróun fjármálamarkaða

Erlendir verðbréfamarkaðir

Þrátt fyrir töluverða pólitíska óvissu, sérlagi vegna stríðsátaka í Mið-Austurlöndum, þá var heimshagkerfið nokkuð stöðugt á árinu 2024. Hagvöxtur á heimsvísu var 3,2% á árinu 2024 skv. nýjustu tölum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS), en spáin fyrir árið hafði verið 2,9% í byrjun árs. AGS gerir svo ráð fyrir að hagvöxtur á heimsvísu hækki lítillega árið 2025 og verði 3,3%. Hagvaxtarhorfur hafa þannig haldist góðar á sama tíma og verðbólga hefur farið lækkandi.

Aðfangakeðjur hafa komist í betra jafnvægi og hrávöruverð hefur einnig lækkað. Í Bandaríkjunum var verðbólgan komin niður í 2,4% á haustmánuðum og hóf Seðlabankinn vaxtalækkunarferlið í september með 0,5% lækkun vaxta. Bankinn fylgdi svo eftir þessari vaxtalækkun með tveimur 0,25% lækkunum til áramóta en töluverður þróttur hefur verið í bandaríska hagkerfinu og vinnumarkaðurinn þar ytra verið sterkur. Verðbólga tók aftur að stíga í Bandaríkjunum eftir að hafa náð lágmarki í september og stóð í 2,9% í árslok. Seðlabankinn hefur gefið í skyn að núverandi aðhaldsstig sé hæfilegt og það þurfi skýr merki um slaka á vinnumarkaðinum áður en að frekari skref til lækkunar vaxta verði tekin.

Líkt og á síðasta ári þá leiddu tæknifyrirtækin hækkarnir á hlutabréfamörkuðum, en heilt yfir þá skiluðu vel flestar atvinnugreinar í S&P 500 vísitölunni góðri ávöxtun á síðasta ári eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



Tískuorð ársins á fjármálamörkuðum var án efa gervigreind eða AI og hækkuðu félög á borð við Nvidia mikið, en félagið selur örflögur sem eru meðal annars notaðar í vélar til að keyra gervigreindina. Þannig hækkaði Nvidia um 171% á árinu og markaðsverðmæti félagsins er nú svipað og hjá Apple og Microsoft.


Þessi mikla hækkun tæknifyrirtækja á árunum 2023 og 2024 hefur gert það að verkum að 7 stærstu félög S&P 500 vísitölunnar, Apple, Microsoft, Amazon, Alphabet, Meta, Nvidia og Tesla eru nú um 33% af vísitölunni. Þrátt fyrir að þessi félög séu ansi ólík þá hefur staðan vakið upp vangaveltur meðal fjárfesta hvort það sé nægileg áhættudreifing í S&P 500 vísitölunni og hvort fjárfestar séu nægilega varðir fyrir hugsanlegu verðfalli komi bakslag á mörkuðum.

Í upphafi árs 2024 voru markaðsaðilar farnir að sjá fyrir sér að hægja myndi á hagkerfinu vestanhafs, verðbólga myndi koma hratt niður og Seðlabanki Bandaríkjanna myndi stíga inn í með töluverðum vaxtalækkunum. Eins og áður sagði þá reyndist meiri þróttur í hagkerfinu en menn spáðu fyrir um í upphafi árs og kröftugur vinnumarkaður gerði það að verkum að Seðlabankinn tók varfærnari skref.

Töluvert flókt var á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum á árinu 2024. Það endurspeglar óvissuna um þróun efnahagslífsins og hvert stýrivextir stefna. Krafan á 10 ára bandarísk ríkisskuldabréf stóð hæst í lok apríl í 4,7% en lækkaði svo hratt samfara lökkun verðbólgu og náði sínu lægsta gildi í september í kringum 3,7%. Krafan hækkaði svo til áramóta og stóð í um 4,7% í árslok 2024.

Árið 2024 var heilt yfir nokkuð sterkt hvað varðar eignamarkaði, hagtölur höfðu þróast á leið til mjúkrar lendingar, fjárhagur heimila sterkur og fyrirtæki almennt skilað góðum uppgjörum. Eins og ávallt eru þó ýmsir óvissuþættir sem fjárfestar horfa til, háar skuldir einstakra þjóðríkja, staða kínverska hagkerfisins, stríðsátök í Evrópu og Mið-Austurlöndum og vaxandi verndarstefna í alþjóðaviðskiptum svo fátt eitt sé nefnt.

Langflestir hlutabréfamarkaðir voru jákvæðir á árinu 2024 á heimsvísu og skiluðu fjárfestum góðri ávöxtun. Þannig hækkaði heimsvísitala hlutabréfa, MSCI ACWI mæld í USD um 19,2% á árinu.



Í Bandaríkjunum hækkaði S&P 500 vísitalan um 24,9%. Hlutabréf í Evrópu skiluðu einnig góðri ávöxtun en í Þýskalandi hækkaði DAX vísitalan um 18,9% á meðan franska CAC vísitalan lækkaði um 1,3%. FTSE 100 vísitalan í Bretlandi hækkaði um 8,9% og á Norðurlöndunum hækkaði OMX Nordic 40 vísitalan um 1,4% mælt í EUR.

Hlutabréfamarkaðir í Kína voru einnig nokkuð sterkir eftir mjög erfið síðustu ár. Þannig hækkaði Hang Seng vísitalan um 23% og Shanghai 300 vísitalan um 20% á árinu 2024 í heimamynt, en 16,5% mælt í USD. Þá hækkaði hlutabréfavísitala nýmarkaðsríkja, MSCI Emerging Markets Index um 5% mælt í USD. Hlutabréfamarkaðurinn í Japan var áfram sterkur og hækkaði Nikkei 225 vísitalan um 21% á árinu en hún hækkaði jafnframt um 27% á árinu 2023.

Innlend hlutabréf


Árið 2024 fór ágætlega af stað eftir mjög erfið árið 2023. Markaðurinn hafði þó hækkað töluvert frá því að tilkynnt var um hugsanlegan samruna Marel og JBT seint á haustmánuðum 2023 og náði sú hækkunarlota út janúarmánuð 2024. Háir vextir, jarðhræringar á Reykjanesi, kólnun ferðaþjónustunnar, töluvert framboð skráðra og óskráðra hlutabréfa gerði það að verkum að markaðurinn lækkaði aftur og einkenndist af lítilli veltu og svartsýni. Það hjálpaði ekki heldur að verðbólgan hjaðnaði hægar en markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir og nokkuð dróg úr væntingum um lökkun vaxta.

Framangreint ástand varði til loka sumars þegar verðbólgan fór að lækka og markaðsaðilar fóru að sjá hylla í fyrstu lækkun stýrivaxta hjá Seðlabanka Íslands.

Í marsmánuði samþykkti stjórn Kviku sölu á tryggingafélaginu TM til Landsbankans. Salan sem var upp á 30ma króna átti eftir að valda miklu fjaðrafoki sem endaði með uppstökkun í stjórn Landsbankans. Í apríl var líftæknifyrirtækið Oculis skráð á aðalmarkað kauphallarinnar en félagið hafði verið skráð á Nasdaq markaðinn í Bandaríkjunum frá árinu 2023. Flugfélagið Play var skráð á aðalmarkað þegar það færði sig af First North markaðinum í byrjun ágúst. Til stóð að skrá Íslandshótel á markað um mitt ár, en vegna dræmrar þátttöku fjárfesta í hlutafjárútboði félagsins, var hætt við skráninguna. Þá lagði ráðandi hluthafi í fasteignafélaginu EIK fram yfirtökutilboð í félagið en hluthafar félagsins voru ekki á þeim buxunum að selja hlut sinn á þessum tímapunkti. Markaðsaðilar áttu flestir von á því að hlutur ríkisins í Íslandsbanka yrði seldur á seinni hluta ársins, en í framhaldi af stjórnarslitum og boðun kosninga, þá frestuðust þau áform.

Heilt yfir gekk rekstur félaga í kauphöllinni vel á árinu. Loðnubrestur hafði þó áhrif á sjávarútveginn og félög í tengdum rekstri. Þá var rekstur flugfélaganna Icelandair og Play erfiður á árinu en hlutabréf Play lækkuðu mest allra í kauphöllinni.

Eins og minnst var á hér á undan átti hlutabréfamarkaðurinn erfitt uppdráttar á fyrri helming ársins og lækkaði um 7,6% fram í miðjan september. Þegar markaðsaðilar fóru að sjá skýr merki um hjöðnun verðbólgu og mögulega lækkun stýrivaxta tók markaðurinn við sér. Frá miðjum september og til ársloka hækkaði OMXI15 vísitalan um tæp 28%. Hækkunin var almenn en mest hækkuðu félög sem njóta góðs af lægra vaxtastigi. Þannig hækkuðu bréf fasteignafélagsins Heima um 63% á árinu og Kaldalón um 54%. Þá hækkaði námavinnslufyrirtækið Amaroq um 52% og smásölufélagið Festi um 39%. Þegar árið var liðið hafði OMXI15 vísitalan hækkað um 16,4 frá áramótum. Með arði skilaði vísitalan 19,3% ávöxtun.



Innlend skuldabréf

Háir stýrivextir og þrálát verðbólga hefur sett mark sitt á íslenskt efnahagslíf undanfarin ár, en verðbólgan náði hámarki í febrúar 2023 þegar hún mældist 10,2%. Hún hafði svo lækkað í 7,7% undir lok árs 2023 og markaðsaðilar vongóðir um að hún myndi áfram lækka og Seðlabankinn myndi taka fyrstu skref til vaxtalækkunar snemma árs. Eftir hraðan vöxt landsframleiðslu undanfarin ár var farið að hægja á hagvexti þegar líða tók á árið 2023. Lakari horfur í ferðapjónustu meðal annars vegna jarðhræringa á Reykjanesi, loðnubrestur og umskipti í utanríkisviðskiptum til

hins verra gerðu það að verkum að landsframleiðsla dróst saman um 1,9% á fyrri helmingi árs 2024. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar dróst landsframleiðslan saman um 0,5% milli ára en gert hafði verið ráð fyrir 2,5% vexti. Til samanburðar mældist 5% hagvöxtur á árinu 2023.

Samningar náðust á vinnumarkaði í marsmánuði en samið var til næstu 4 ára. Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga lögðu sameiginlega fram aðgerðir til að greiða fyrir samningunum í formi vaxtabóta, aukins stuðnings við leigjendur, hækkun barnabóta og fæðingarorlofsgreiðslna ásamt því að skólamáltíðir voru gerðar gjaldfrjálssar. Í heildina voru þetta um 80 milljarðar króna sem liðkuðu fyrir kjarasamningum.

Mikill og viðvarandi halli hefur verið á rekstri ríkissjóðs frá árinu 2019. Hreinar skuldir ríkissjóðs námu um 602 milljörðum króna í ársbyrjun 2020 en verða um 1.500 milljarðar króna skv. fjárlögum ársins 2025 sem er aukning um tæp 150%.

Þegar liða tók á árið fór verðbólgan að hjaðna en Seðlabankinn hafði haldið stýrivöxtum óbreyttum í 9,25% frá ágúst mánuði 2023 og fram í október 2024, þegar hann hóf vaxtalækkunarferlið með 25 punkta lækkun stýrivaxta. Greiningaraðilar voru á því að vöxtum yrði haldið óbreyttum en markaðsaðilar voru á báðum áttum. Verðbólguálag hafði lækkað fyrir vaxtaákvörðun, krónan styrkst og verðbólgan á niðurleið. Seðlabankinn lækkaði svo aftur stýrivexti um 0,5% á fundi sínum í nóvember og voru því stýrivextir komnir í 8,5% í lok árs 2024.

Markaðsaðilar gera ráð fyrir að vaxtalækkunarferlið haldi áfram árið 2025 en stýrivextir voru lækkaðir um 0,5% á fundi peningastefnufndar í febrúar á þessu ári. Raunstýrivextir eru nú um 4,5% og verðbólguálag enn töluvert yfir viðmiði Seðlabankans. Taumhald peningastefnunnar er nokkuð hátt í sögulegu samhengi og eru komnar fram sterkar vísbendingar um að aðhald peningastefnunnar sé farið að hafa áhrif til kælingar á hagkerfið. Samkvæmt könnun Seðlabankans í janúar á þessu ári, búast markaðsaðilar við því að stýrivextir lækki áfram og verði komnir í 5,75% eftir tvö ár.

Þróun á vísitölu óverðtryggðra 10 ára skuldabréfa 2024



Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur lækkað nokkuð á þessu ári, sérstaklega á styttri endanum, en markaðsaðilar eru nokkuð sammála um að stýrivextir hafi náð hámarki og að vaxtalækkunarferli sé hafið þótt líklega verði það ekki hratt. Verðtryggðir vextir hækkuðu á styttri endanum á árinu en héldust nokkuð stöðugir á lengri enda vaxtarófsins. Þessi þróun hefur þýtt að verðbólguálag hefur farið lakkandi, sérstaklega á styttri enda vaxtarófsins.

Verðtryggður vaxtaferill er niðurrhallandi frá u.þ.b. 4,6% á styttri enda niður í um 2,6% á lengri enda. Óverðtryggður vaxtaferill er niðurrhallandi frá rúmum 8% niður í um 6,5% á lengri enda.

Próun á vísitölu 10 ára verðtryggðra skuldabréfa




Innlendur gjaldeyrismarkaður

Gengi krónunnar hefur mikil áhrif á verðbólgu, en undanfarið ár hefur gengi hennar gagnvart helstu viðskiptamýntum verið nokkuð stöðugt. Viðskiptajöfnuður var neikvæður á fyrstu 9 mánuðum ársins 2024 og nam viðskiptahallinn 26 milljörðum króna, samanborið við 67 milljarða afgang yfir sama tímabil árið 2023. Seðlabankinn hefur eftir sem áður möguleikann á því að vera virkur á gjaldeyrismarkaði í því skyni að draga úr sveiflum á gengi krónu. Helstu greiningaraðilar spá stöðugu gengi krónu á þessu ári enda áfram töluverður vaxtamunur á milli Íslands og samanburðarlanda.

Ferðapjónustan skiptir verulegu máli fyrir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Greinin gekk heilt yfir nokkuð vel á árinu 2023 og munaði litlu að metárið frá 2018, þegar 2,3 milljónir gesta fóru um Keflavíkurflugvöll, yrdi slegið. Það gekk þó ekki eftir og höfðu eldsumbrot á Reykjanesskaga þau áhrif að undir lok árs 2023 endaði heildarfjöldi gesta í 2,2 milljónum. Markaðsaðilar voru því ekki eins bjartsýnir á ferðapjónustuna í upphafi árs 2024, enda jarðhræringar ennþá í gangi og töluverð óvissa í greininni. Ferðapjónustan hélt þó velli á þessu ári þrátt fyrir brösuglega byrjun og var fjöldi ferðamanna árið 2024 svipaður og árið 2023. Spár gera flestar ráð fyrir því að ferðamönnum muni svo fjölga hægt og rólega næstu árin. Krónan styrkist um 3,8% gagnvart helstu mýntum árið 2024, en veiktist hins vegar um 1,5% gagnvart Bandaríkjadal.


Gengisvísitala - vísitala meðalgengis



Gengi krónu gagnvart helstu gjaldmiðlum hélst nokkuð stöðugt fram á sumar 2024, en tók síðan að veikjast fram til hausts. Gengið styrktist síðan verulega á síðasta ársfjórðungi ársins.

Verðbréfaeign

Í lok árs 2024 vega hlutabréf og sérhæfðir sjóðir 45,7% eigna samtryggingardeildar, en skuldabréf og innlán vega 54,3%. Í neðangreindri skiptingu verðbréfa hefur verið horft til skiptingar undirliggjandi eigna verðbréfasjóða.



Af verðbréfaeign sjóðsins í lok ársins vega hlutabréf og ríkistryggð skuldabréf hvað þýngst í eignasafninu. Dregið var úr kaupum ríkisskuldabréfa á árunum 2019-2021 vegna afar lágrar ávöxtunarkröfu á innlendum markaði. Ávöxtunarkrafan hækkaði á árunum 2022-2023 og jók sjóðurinn vægi í þessum bréfum. Það helst nokkuð óbreytt á milli ára nú. Vægi hlutabréfa í eignasafninu hækkar á milli ára, er 39,6%, en var 36,2% árið 2023. Hlutfall eigna í erlendri mynt hækkar á milli ára, er 39,5% í lok árs en var 35,6% árið á undan. Skýrist það aðallega af hækkunum á erlendum hlutabréfum. Krónan styrktist um 3,8% árið 2024 gagnvart helstu viðskiptamýntum, en veiktist um 1,5% gagnvart Bandaríkjadal.

Sérhæfðar fjárfestingar skiptast á eftirfarandi eignaflokka:

Sérhæfðar fjárfestingar	
Framtakssjóðir	53,2%
Fasteignasjóðir	24,9%
Skuldabréfasjóðir	21,8%
Marksjóðir	0,1%
	100,0%


Reglubundið er farið yfir eignir sjóðsins og færð varúðarfærsla ef óvissa er talin um innheimtu. Ekki er um endanlega afskrift að ræða. Varúðarfærslur skiptast á eftirfarandi flokka verðbréfa:

Varúðarfærslur	í milljónum króna
Skuldabréf félaga	31
Veðskuldabréf	98
Samtals	129

Varúðarfærslur í ársbyrjun námu 121 milljónum króna en 129 milljónum króna í lok árs. Sjóðurinn afskrifaði engar eignir endanlega á árinu. Hækkun varúðarfærslu nam því tæplega 8 milljónum króna, sem færðar eru til gjalda á árinu.

Ávöxtun

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2024 var jákvæð um 10,6% sem samsvarar 5,6% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 2,8%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára er 4,1%.




Ávöxtun á innlendum hlutabréfum var góð á árinu 2024. Þannig hækkaði úrvalsvísitalan með arði um 19,3% á árinu. Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum var jafnframt góð, en heimsvísitala hlutabréfa með arði hækkaði um rúmlega 19,2% mælt í USD. Ef tekið er tillit til veikingar krónu gagnvart USD, nam hækkunin 20,9% mælt í krónu.

Hlutabréf skiluðu bestri ávöxtun eignaflokka á árinu eða 15,6% nafnávöxtun. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri nafn-og raunávöxtun á árinu. Verðbólga mældist 4,8% yfir árið.

Eignaflokkar	Hrein nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Ríkisskuldabréf	6,8%	2,0%
Veðskuldabréf	9,2%	4,2%
Skuldabréf sveitarfélaga	9,0%	4,0%
Innlán	5,6%	0,8%
Sértryggt skuldabréf	8,6%	3,6%
Skuldabréf lánastofnana	9,1%	4,2%
Skuldabréf félaga	8,4%	3,4%
Skuldabréf sérhæfðra sjóða	6,8%	1,9%
Hlutabréf og sjóðir	15,6%	10,3%
Sérhæfðir sjóðir	8,1%	3,2%

Hrein eign sjóðsins nam tæplega 320 milljörðum króna í lok ársins. Á árinu hækkaði hún um tæplega 40 milljarða króna eða sem nemur um 14,2%.




Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2024 var unnin af Benedikt Jóhannessyni tryggingastærðfræðingi hjá Talmakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri. Við úttektina er miðað við að árleg ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er þannig notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Áfallin staða	2024	2023	Heildarstaða	2024	2023
Höfuðstóll	318.111	278.737	Núvirði framtíðariðgjalda	275.863	268.258
Endurmat	3.846	1.375	Höfuðstóll	321.957	280.112
Eign	321.957	280.112	Heildareignir	597.820	548.370
Lífeyrisskuldbinding	328.707	302.078	Lífeyrisskuldbindingar	596.555	573.555
Eignir umfram skuldbindingar	-6.750	-21.967	Eignir umfram skuldbindingar	1.265	-25.185
Í hlutfalli af skuldbindingum	-2,1%	-7,3%	Í hlutfalli af skuldbindingum	0,2%	-4,4%

Úttektin sýnir að áfallin staða er neikvæð um 6.750 milljónir króna eða 2,1% af áfallinni skuldbindingu þegar miðað er við höfuðstól með endurmati. Hún sýnir einnig að heildarstaða sjóðsins þegar búið er að taka tillit til framtíðarskuldbindingar, er jákvæð um 1.265 milljón króna, eða 0,2% af heildarskuldbindingu.



Tryggingafræðileg staða hefur því batnað verulega frá árinu 2023 þegar hún var neikvæð um 4,4%. Meginástæða þess er minnkun skuldbindingar vegna nýrra sértækra örorkulíka sjóðfélaga, en

jafnframt vegna góðrar ávöxtunar eigna. Áfallin staða batnar jafnframt verulega, fer úr -7,3% af skuldbindingu í -2,1%,

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, skal ekki vera meira en 10% munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga og er þá miðað við mismun í hlutfalli af heildarskuldbindingu. Í sömu grein er einnig kveðið á um að hafi slíkur mismunur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár, beri stjórn sjóðsins að gera viðeigandi breytingar á samþykktum hans.

Fjárfestingarstefna vegna ársins 2025

Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er sett fram með hliðsjón af samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með tilliti til þeirra kjara sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Skipting fjárfestinga á eignaflokkum

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar samtryggingardeildar í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér að neðan. Einnig er kveðið nánar á um skiptingu hlutabréfa í innlend og erlend. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Samtryggingardeild - flokkar verðbréfa	Stefna	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2%	0%-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldbréf og skuldbréf með ábyrgð ríkissjóðs	19%	15%-70%
Skuldbréf bæjar- og sveitarfélaga	8%	0%-20%
Sértryggð skuldbréf	4%	0%-15%
Skuldbréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	2%	0%-15%
Fasteignaveðtryggð skuldbréf	5%	0%-15%
Hlutabréf	37%	0%-60%
Sérhæfðir sjóðir fyrir fagfjárfesta	12%	0%-20%
Skuldbréf félaga	8%	0%-20%
Skuldbréf sérhæfðra sjóða	3%	0%-20%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%-10%
Samtals:	100%	

Samtryggingardeild - hlutabréf	Markmið	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	13%	0%	30%
Erlend hlutabréf	24%	0%	30%


Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett fram til lengri tíma litið. Það getur því tekið nokkur ár að ná markmiðum um fjárfestingarstefnu í einstökum flokkum verðbréfa. Takmarkandi þættir, t.d. gjaldeyrishöft og skortur á framboði ákveðinna verðbréfa, geta tafið slíkt ferli.

Séreignardeild

Sjóðurinn býður upp á tvær sparnaðarleiðir fyrir almennan- og tilgreindan séreignarsparnað. Sparnaðarleið 1 er hugsuð sem varfærin ávöxtunarleið fyrir eldri og/eða áhættufelna sjóðfélaga, en sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni sem hentar tiltölulega breiðum hópi sjóðfélaga.

Iðgjöld til séreignardeildar námu alls 243 milljónum króna á árinu 2024, samanborið við 228 milljónir króna árið á undan sem nemur 6,7% hækkun á milli ára. Þar af námu iðgjöld tilgreindrar séreignardeilda 148 milljónum króna á árinu 2024.


Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 71,5 milljónir króna. Lífeyrisþegar voru alls 84. Að meðaltali fengu 21 lífeyrisþegar greiðslur í hverjum mánuði. Ellilífeyri fengu 79, útgreiðslur séreignar vegna andláts voru 1 og vegna örorku voru 4. Hafa ber í huga að margir lífeyrisþegar fá greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Jafnframt nýttu 55 sjóðfélagar rétt sinn til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á íbúðarlán.



Á árinu 2024 greiddu alls 513 sjóðfélagar til almennrar séreignardeildar. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiddu í hverjum mánuði, voru 261. Til tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins greiddu á árinu 537 sjóðfélagar. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild voru 437. Í árslok eiga 6.194 sjóðfélagar réttindi í almennri séreignardeild og 926 sjóðfélagar eiga réttindi í tilgreindri séreignardeild.

Ávöxtun séreignardeildar

Sparnaðarleiðir fyrir séreignarsparnað eru tvær, sparnaðarleið 1 sem hóf starfsemi í apríl 2018 og sparnaðarleið 2. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 1 var jákvæð um 8,8% á árinu 2024 samanborið við 2,7% ávöxtun árið á undan. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 2 var jákvæð um 14,4% samanborið við 11,2% ávöxtun árið á undan. Hrein raunávöxtun, þ.e. ávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu var jákvæð um 3,8% í sparnaðarleið 1 og jákvæð um 9,2% í sparnaðarleið 2.



Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar 1 síðustu 5 ára er neikvætt um 3,1% miðað við lok árs 2024. Sama meðaltal 5 ára raunávöxtunar fyrir sparnaðarleið 2 er jákvætt um 1,5% miðað við lok árs 2024. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar 2 fyrir síðustu 10 ár er jákvætt um 2,9%.

Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2024 nam um 1.867 milljónum króna, þar af námu eignir sparnaðarleiðar 1 um 212 milljónum króna og eignir sparnaðarleiðar 2 um 1.656 milljónum króna.

Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna séreignardeildar er sett fram með hliðsjón af samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með tilliti til þeirra kjara sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu. Skipting verðbréfaeignar skal miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu hér að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna séreignardeilda vegna ársins 2025

Fjárfestingarstefna séreignardeilda tekur mið af þeim takmörkunum sem lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða setja.

Í tilviki séreignarsparnaðar geta réttahafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeilda eru því almennt þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum og auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir óbeint í gegnum auðseljanlega sjóði.


Séreignardeild – Leið 1	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	60%	35-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10%	0-40%
Sértryggt skuldabréf	4%	0-30%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	3%	0-10%
Skuldabréf félaga og sérhæfðra sjóða	8%	0-15%
Innlán	2%	0-50%
Samtals skuldabréf og innlán	87%	50-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	0%	0-10%
- þ.a. innlend hlutabréf	13%	0-20%
Samtals hlutabréf	13%	0-20%
Samtals	100%	
Séreignardeild – Leið 2	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	34%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	9%	0-20%
Sértryggt skuldabréf	2%	0-20%
Skuldabréf félaga	2%	0-20%
Skuldabréf sérhæfðra sjóða	0%	0-20%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Innlán	1%	0-20%
Samtals skuldabréf	48%	40-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	37%	0-50%
- þ.a. innlend hlutabréf	15%	0-25%
Samtals hlutabréf	52%	0-60%
Samtals	100%	

Séreignardeildir sjóðsins eru fremur litlar. Aldurssamsetning sjóðfélaga séreignardeildar er tiltölulega hagstæð, meðalaldur sjóðfélaga í almennri séreignardeild er 37 ár og 41 ár í tilgreindri séreignardeild, því er gert ráð fyrir jákvæðu greiðsluflæði til lengri tíma litið. Þetta er þó háð óvissu sbr. ákvæði laga um nýtingu iðgjalda í séreignarsparnað til niðurgreiðslu húsnæðisskulda sem gætu haft áhrif á þær forsendur. Því er brýnt að leggja áherslu á seljanleika eigna.

Verðbréfaeign séreignardeilda


Sparnaðarleiðir séreignardeildar eru afar ólíkar. Eignasafn sparnaðarleiðar 1 fjárfestir einkum í innlendum skuldabréfum, hlutabréfum og innlánnum. Hún hefur svigrúm til fjárfestinga í erlendum verðbréfum sem ekki hefur verið nýtt. Í skiptingu verðbréfa í helstu flokka hefur verið horft til samsetningar undirliggjandi eigna verðbréfasjóða í árslok 2024.

Sparnaðarleið 1



Sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa. Af verðbréfaeign hennar í lok árs 2024 vega hlutabréf og ríkistryggð skuldabréf hvað þýngst í eignasafninu. Erlend hlutabréf vega hvað þýngst í hlutabréfaeign sparnaðarleiðar 2, eða sem nemur 40,5% af heildareignum.

Sparnaðarleið 2



Stjórnarháttayfirlýsing Festu lífeyrissjóðs 2024

Stjórnarháttayfirlýsing Festu lífeyrissjóðs er sett með vísan til 51. gr. reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 335/2015. Ýmsar innri reglur Festu eru aðgengilegar á vef sjóðsins (www.festa.is). Einnig er vísað til skýrslu stjórnar, ársreiknings og ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2024.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Festa lífeyrissjóður starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, samþykktu sjóðsins og annarra reglna sem um lífeyrissjóði gilda.

Í samþykktum kemur fram að grundvöll sjóðsins megi rekja til samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og að sjóðurinn starfi á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 með síðari breytingum.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Í samþykktum kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktu sjóðsins.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji, eftir því sem við verður komið, við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignahlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmunu sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing Festu

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur. Við mótun stjórnarháttu hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing Festu fyrir árið 2024 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur Festu. Listinn er til upplýsingar en er ekki tæmandi. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur opinberra aðila sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef FME (<https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/>).

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða

Reglur og leiðbeiningar eftirlitsstofnana

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum.
- Viðmiðunarreglur Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um áhættu og öryggi vegna upplýsinga- og samskiptatækni og stjórnarhætti þeim tengdum (EIOPA-BoS-20- 600)

Innri reglur Festu

- Samþykktir Festu lífeyrissjóðs
- Samskipta- og siðareglur Festu, dags. 25. júní 2024
- Hluthafastefna Festu, dags. 25. júní 2024
- Stefna Festu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar, dags. 21. desember 2022
- Persónuverndarstefna Festu, dags. 17. nóvember 2023
- Starfsreglur stjórnar Festu, dags. 17. nóvember 2023
- Verklagsreglur Festu lífeyrissjóðs um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga, dags. 16. júní 2022
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna, dags. 26. júní 2019.
- Starfskjarastefna Festu, dags. 6. maí 2024
- Reglur Festu um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 28. október 2020

Samþykktir Festu, auk innri reglna, má finna á vef sjóðsins (www.festa.is). Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar á sameiginlegum vef útgáfuaðila (www.leidbeiningar.is).

Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður Festa traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Þau gildi sem stjórn- og starfsmenn Festu hafa tileinkað sér eru traust, ábyrgð og festa. Með þau gildi að leiðarljósi vinna starfsmenn að markmiðum og stefnum lífeyrissjóðsins.

Með trausti er lögð áhersla á heilindi og ráðvendni sem birtist m.a. í frumkvæði í þjónustu og góðu viðmóti. Lögð er áhersla á að virkja og hvetja starfsmenn í starfi og að þeir séu þátttakendur í stefnumótun og markmiðasetningu sjóðsins.

Með ábyrgð er lögð áhersla á fagmennsku, áræðni og samviskusemi sem birtist m.a. í áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar þurfa að liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.

Markmið um festu birtast m.a. í áherslum á skilvirkni og arðsemi, kostnaðaraðhald og stöðugleika í rekstri, auk vandaðrar áhættustýringar. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins verði haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans og hefur stjórn sjóðsins í þessu skyni sett fram stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Stefnan er birt í heild sinni í ársskýrslu sjóðsins.

Stjórnskipulag Festu lífeyrissjóðs

Stjórn

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fjórir stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundir á árinu 2024 voru 15 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrr en að þremur árum liðnum.

Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn skal einnig móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Stjórnin ræður enn fremur löggiltan endurskoðanda til að annast ytri endurskoðun hjá sjóðnum sem og tryggingastærðfræðing til að annast tryggingafræðilega athugun

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal árlega skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfa viðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af FME. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Stjórn Festu er skipuð sex einstaklingum. Samtök atvinnulífsins skipa þrjá stjórnarmenn og einn til vara og þau ellefu stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum kjósa þrjá stjórnarmenn og einn til vara.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur.

Í október 2023 framkvæmdi stjórn mat á störfum sínum (sjálfsmat) í samstarfi við utanaðkomandi ráðgjafafyrirtæki. Á árinu 2024 framkvæmdi stjórn aftur mat á störfum sínum og hafði þar til hliðsjónar þá þætti sem lagðir voru til grundvallar árið áður. Markmiðið með matinu er að varpa ljósi á það sem vel er gert í störfum stjórnar sem og að greina tækifæri til úrbóta. Við matið var einnig horft til þeirra upplýsinga sem FME hefur sent frá sér varðandi mat á störfum stjórnar. Niðurstöður voru rýndar af stjórn og mun hún nýta þær til að þróa og styðja við góða stjórnarhætti. Í stjórn Festu sitja:

Valdir af fulltrúum launafólks

Eyrún Jana Sigurðardóttir, formaður stjórnar (f. 1981)

Starf: Fjármálastjóri Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Menntun: BS í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík (2004). MS í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands (2010).

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Eyrún hefur starfað sem innri endurskoðandi hjá Sparisjóðnum í Keflavík, hjá Forlaginu bókaútgáfu, hjá Starfi og Virk sem bæði eru samstarfsverkefni ASÍ og SA. Frá 2017 hefur Eyrún starfað sem fjármálastjóri Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Eyrún hefur setið í nefndum á vegum Reykjanesbæjar (2010-2014) auk þess að vera varamaður í bæjarstjórn.

Silja Eyrún Steingrímsdóttir (f. 1982)

Starf: Formaður Stéttarfélags Vesturlands

Menntun: BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði frá Háskólanum á Bifröst (2009). Meistaragráða í opinberri stjórnsýslu (MPA) frá Háskóla Íslands (2014).

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Situr í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina, gegnir einnig trúnaðarstörfum fyrir ASÍ og SGS.

Silja hefur áður setið í Sveitarstjórn Borgarbyggðar og verið formaður velferðarnefndar Borgarbyggðar ásamt því að hafa sinnt fleiri trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið.

Þór Hreinsson (f. 1968)

Starf: Skrifstofustjóri Bárunnar, stéttarfélags.

Menntun: MA próf í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands (2011).

Núverandi önnur trúnaðarmannastörf: framkvæmdastjóri húsfélags stéttarfélaga, Skoðunarmaður reikninga hjá Birtu starfsendurhæfingu á Suðurlandi.

Þór vann áður hjá við náms- og starfsráðgjöf hjá Vinnumálastofnun ásamt því að hafa verið skrifstofustjóri Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi. Hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélögin m.a. setið í stjórn Fræðslunetsins á Suðurlandi.

Valdir af fulltrúum Samtaka atvinnulífsins:

Kristín Magnúsdóttir, (f. 1976)

Starf: Fjármálastjóri Rotovia hf.

Menntun: BS í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri (2005).

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Engin.

Kristín hefur starfað sem fjármálastjóri framleiðslu fyrirtækja í breskri og bandarískri eigu með starfsemi í Evrópu og Canada frá árinu 2012 en síðan 2022 fyrir Rotovia hf. Kristín hefur þar að auki tekið mörg námskeið bæði lengri og styttri í stjórnun, stjórnarháttum fyrirtækja, fjármálum, stefnumótun og innri endurskoðun innanlands og erlendis.

Sigurður Ólafsson, varaformaður stjórnar (f. 1962)

Starf: Framkvæmdastjóri Gott og gilt ehf.

Menntun: MBA frá Erasmus - Rotterdam School of Management (1990).

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Berki ehf., Kömbum byggingavörum ehf., Lyfjum og heilsu hf., Landborgum hf., Domus Medica hf., Massa Klassa ehf.

Sigurður hefur víðtæka reynslu af stjórnun og starfsmannamálum bæði frá Icelandair hf., Origo hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Isavia ohf., auk stjórnunarreynslu sem framkvæmdastjóri Calidris ehf. og Varðar Íslandstryggingar hf. (nú Vörður tryggingar hf.).

Halldór Kristinsson (f. 1981)

Starf: Framkvæmdastjóri Kristins J Friðbjófssonar ehf.

Menntun: Skipstjórna og vélgæsluréttindi, Framhaldskólamenntun úr FÁ, HR námskeið fyrir stjórnendur í sjávarútvegi.

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Situr í Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar. Halldór var stjórnarformaður Sjávariðjunnar Rífi hf 2014-2023. Hann hefur setið í ýmsum nefndum fyrir sveitafélagið Snæfellsbæ, s.s. kjörnefnd 2008-2020.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er:

Gylfi Jónasson (f. 1960)

Menntun: MBA frá Bentley University (1989), MA frá Boston University (1990), próf í verðbréfiðskiptum (2005)

Núverandi önnur trúnaðarstörf: Formaður stjórnar Greiðslustofu lífeyrissjóða. Nefndarmaður í Samskiptanefnd Landssamtaka lífeyrissjóða.

Gylfi var stjórnarmaður í stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða 2014 – 2024, þar af varaformaður 2019 – 2024.

Fulltrúaráð

Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu lífeyrissjóðsins. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Skipunartími fulltrúa er eitt ár í senn.

Fulltrúaráðsfundir

Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á og starfskjarastefna kynnt. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.

Ársfundur

Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum lífeyrissjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrélsi og tillögurétti. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok maí ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Skyld er stjórn að boða til aukafundar ef aðildarsamtök sjóðsins krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarsamtaka sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum lífeyrissjóðsins. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélagi greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

Á dagskrá ársfundar skulu vera eftirtaldir dagskrárliðir: 1. Skýrsla stjórnar. 2. Kynning ársreiknings. 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt. 4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. 5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins. 6. Starfskjarastefna til staðfestingar. 7. Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélagi í fulltrúaráði skulu annað hvert ár, kjósa tvo aðalmenn í stjórn. Annað hvert ár skulu fulltrúar stéttarfélagi í fulltrúaráði kjósa einn aðalmann og einn varamann í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda tilkynna annað hvert ár um staðfestingu þeirra á tveimur aðalmönnum í stjórn á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins. Annað hvert ár tilkynna fulltrúar samtaka atvinnurekenda um staðfestingu þeirra á einum aðalmanni og einum varamanni í stjórn á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins. 8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 24. greinar. 9. Kosning fjögurra nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna. 10. Ákvörðun launa stjórnarmanna. 11. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. 12. Kjör formanns endurskoðunarnefndar. 13. Önnur mál.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. 3 vikum fyrir ársfund sjóðsins.

Tilnefningarnefnd

Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skipa a.m.k. þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanna þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamenn þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.

Launanefnd

Innan lífeyrissjóðsins starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kýs fjóra fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn sem ársfundur kýs geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna. Nefndin skal hafa hliðsjón af því að stjórnarlaun endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Tveir nefndarmanna skulu kosnir af fulltrúum stéttarfélaga í fulltrúaráði og tveir af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Í nefndina eru skipaðir þrír einstaklingar og einn til vara. Nefndin kýs sér formann og varaformann. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat og eftirlit með áhættu í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins. Upplýsingar um endurskoðunarnefnd er að finna á vef sjóðsins (www.festa.is).

Endurskoðun

Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja. Endurskoðunarnefnd Festu gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur

Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998. Athuginin er framkvæmd af löggiltum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athugininni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og áætlaðrar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignir og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.

Með lögum, samþykktum, reglum og leiðbeinandi tilmælum FME er markaður rammi sem lífeyrissjóðurinn starfar eftir. Til viðbótar eru settar skýrar innanhússreglur og verkferlar sem auðvelda störf starfsmanna, auka gagnsæi og bæta þjónustu við sjóðfélaga í hvívetna.

Áhættustýring og innra eftirlit

Stjórn Festu hefur samþykkt fjárfestingarstefnu. Um form og efni hennar ásamt úttekt á ávöxtun fer eftir reglugerð útgefinni af fjármálaráðuneytinu nr. 916/2009 með síðari breytingum. Í fjárfestingarstefnu eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Stefnan miðar að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka

áhættu eftir því sem kostur er. Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir því veigamiklu hlutverki í áhættustýringu hans. Við fjárfestingarákvarðanir er jafnframt tekið tillit hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem stjórn hefur sett sjóðnum. Fjárfestingarstefnu sjóðsins er að finna í heild sinni á vef sjóðsins (www.festa.is).

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda ákvæði laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Á grundvelli þessa hefur stjórn sett sjóðnum áhættu- og áhættustýringarstefnu sem innihalda m.a. helstu ferla áhættustýringar varðandi alla þætti í starfsemi sjóðsins.

Stefnurnar grundvallast á stefnumótun sjóðsins sem og lögum og reglum sem um sjóðinn gilda. Megin inntak stefnanna er að með áhættustýringu er átt við eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, stýra og vakta áhættu í starfsemi sjóðsins.

Áhættustefnan er eitt af lykilverkfærum stjórnar við að uppfylla þær skyldur sem á yfirstjórn sjóðsins hvíla. Henni er beitt samhliða fjárfestingarstefnu sjóðsins og stuðlar hún að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum með ásættanlegri áhættu í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum. Áhættustefnan er endurskoðuð og uppfærð árlega. Á árinu 2024 var byggt frekar undir skilgreiningar á áhættupóli sjóðsins og áhættuvilja stjórnar.

Markmið með áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum hans í stefnumótandi málum, við innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Forstöðumaður áhættueftirlits sjóðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnanna og áhættueftirliti sjóðsins. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi og milliliðalausan aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættueftirlit, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins, beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma í raun allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti. Áhættustefna, áhættustýringarstefna og áhættustýring sjóðsins eru veigamikill þáttur í innra eftirliti.

Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemisáhættu. Til staðar eru skilgreind eftirlitsmarkmið fyrir lykilstjórnendur og er þeim framfylgt kerfisbundið.

Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi upplýsingaöryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins.

Eftirlitstaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa. Þá hefur sjóðurinn tilnefnt móttakanda upplýsinga um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsmanna.

Hluthafastefna Festu lífeyrissjóðs

Almennt

Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi og stuðla að framþróun starfshátta innan fyrirtækja og á hlutabréfamarkaði. Hluthafastefna þessi varðar aðkomu Festu að fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir beint í, bæði skráð á hlutabréfamarkað og óskráð eftir því sem við á.

Festa lífeyrissjóður gerir kröfu til þess að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, gæti að jafnrétti kynjanna, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Sjóðurinn hvetur sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum. Við mat á virkni sjóðsins sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæða, stöðu sjóðsins í hópi hluthafa og möguleika sjóðsins til að hafa áhrif á þau atriði sem stefnan tekur til. Sjóðurinn metur verulegan eignarhlut með eftirfarandi hætti:

- 1,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins
- 5% eða hærri eignarhlutur í hverju félagi eða
- sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa í einstöku félagi

Markmið stefnunnar

Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að taka við iðgjaldi félagsmanna, ávaxta það og skila til félagsmanna í formi lífeyris. Stefna sjóðsins er að hámarka þær greiðslur með því að ná sem bestri langtímaávöxtun, að teknu tilliti til áhættu og annarra utanaðkomandi þátta. Við fjárfestingar er einnig tekið tillit til þeirra viðmiða sem falla undir ábyrgar fjárfestingar að því marki sem lög leyfa og að teknu tilliti til hlutverks sjóðsins um hámarksþróun lífeyrissréttinda sjóðsfélaga.

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er sett af stjórn sjóðsins ár hvert og markar hún stefnu um hvernig eignasamsetningu sjóðsins skuli háttað að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Markmið hluthafastefnu þessarar er að marka stefnu og stjórnarhætti Festu lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í og auka þannig gegnsæi við fjárfestingar sjóðsins, ábyrgð hans sem eiganda og styðja þannig við þau langtímasjónarmið sem liggja að baki fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Sjóðurinn leggur áherslu á að þau fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi góðum stjórnarháttum við rekstur og gefi upplýsingar þar um í ársskýrslum. Sjóðurinn horfir m.a. til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi fullnægjandi stjórnarháttum á hverjum tíma samkvæmt gildandi lögum, leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands (NASDAQ Iceland) og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja, en útgefendum hlutabréfa í Kauphöll Íslands ber að fylgja leiðbeiningunum eða upplýsa um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarhættir eru skilgreindir sem samband milli stjórnenda félags, stjórnar þess, hluthafa og annarra haghafa. Stjórnarhættir ákvarða með hvaða hætti félagi er stjórnað. Festa telur að stjórnarhættir félags geti skipt sköpum, því félag sem viðhefur góða stjórnarhætti er líklegra til að vera samkeppnishæfara og vegna vel til lengri tíma lítið.

Aðkoma að vali stjórnarmanna

Festa gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum og ætíð hafa hagsmunum viðkomandi fyrirtækis að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur m.a. áherslu á að stjórnarmenn séu ekki háðir öðrum fyrirtækjum vegna starfa sinna eða stjórnarsetu, þá sérstaklega öðrum skráðum fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði.

Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins.

Festa metur í hverju tilviki fyrir sig hvort sjóðurinn gerir tillögu um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Ef sjóðurinn á þess kost á grundvelli eignarhalds leitast hann við að tilnefna hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annaðhvort einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Festu mynda valnefnd sem tilnefnir stjórnarmenn þegar það á við.

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins sitja í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er jafnframt óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Jafnframt við sérstakar aðstæður, svo hægt sé að fylgja eftir hagsmunum sjóðsins með fullnægjandi hætti, er starfsmönnum heimilt með ákvörðun stjórnar að sitja í stjórnnum eða ráðum áhættufjármagnsfyrirtækja sem lífeyrissjóðurinn á hlut í.

Hluthafafundir

Á hluthafafundum greiðir Festa atkvæði í samræmi við hagsmunum lífeyrissjóðsins. Almennt eru tillögur á hluthafafundum studdar ef Festa telur ákvörðun vera til hagsbóta fyrir hagaðila viðkomandi fyrirtækis með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hann getur jafnframt veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sjóðsins.

Starfskjör stjórnenda

Festa gerir kröfu um að starfskjarastefna uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

Festa telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins, launadreifingar innan þess, svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á.

Festa lífeyrissjóður leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda. Lögð er áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum, þar á meðal hlunnindum.

Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk Festu lífeyrissjóðs

Almenn atriði

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn sjóðsins sem og stjórnarmenn. Með stjórnarmönnum er átt bæði við aðal- og varastjórnarmenn. Starfsemi sjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktum sem um sjóðinn gilda. Jafnframt hefur sjóðurinn sett ýmsar reglur s.s. starfsreglur stjórnar, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, starfsreglur framkvæmdastjóra o.fl. Um sjóðinn er víðtækt eftirlit s.s. með innra og ytra eftirliti endurskoðenda, endurskoðunarnefnd og einnig með eftirliti frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Er reglum þessum á engan hátt ætlað að koma í staðinn fyrir eða breyta fyrirbyggjandi reglum, heldur er þeim ætlað að undirstrika tiltekin grunngildi í störfum og starfsháttum stjórnar og starfsmanna sjóðsins.

Ábyrgð

Stjórn og starfsfólk sjóðsins gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón og eftirlit með þeim fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Í ábyrgðinni felst m.a. að fara í hvívetna eftir þeim lögum og reglum er gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskiptasiðferði.

Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga

Á stjórn og starfsfólki hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, s.s. málefni sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnar- eða starfsmenn sjóðsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Stjórnar- eða starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að gögn sem þeir taka við og fara skuli leynt komist ekki í hendur annara. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Góðir starfshættir

Stjórn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar. Stjórn og starfsfólk skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaða ímynd hans. Forðast ber hvers konar hagnunaárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla utanaðkomandi aðila. Stjórn eða starfsfólk mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skyld er stjórnar- eða starfsmanni að upplýsa um slík atvik.

Hagnýting trúnaðarupplýsinga

Stjórn eða starfsfólk er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Viðskiptahættir

Sjóðurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við þá aðila sem hann á samskipti við hvort sem um er að ræða iðgjaldagreiðendur, sjóðfélaga, þjónustuaðila á fjármálamarkaði eða útgefendur verðbréfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að ávöxtun fjármuna sjóðsins taki mið af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. M.a. næst það með góðum samskiptum við aðila á verðbréfamarkaði. Þau samskipti þurfa að vera í samræmi við almennar grunnreglur er tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Lögð er áhersla á að allar kynningar sem tekið er þátt í og önnur samskipti séu hlutlægar, nákvæmar, sannar og í samræmi við lög og almennt siðferði.

Ferðalög

Eðlilegt er að stjórn og starfsfólk sjóðsins sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðar eru af þjónustuaðilum bæði innanlands og utan sem eru til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri, valkosti í eignastýringu eða annað er skiptir sjóðinn máli. Efni fundanna verður að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár. Vettvangur funda á ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar. Þjóði skipuleggiendur upp á útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íþróttar- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

Gjafir og boð

Stjórn og starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn. Einnig boð á menningar- eða íþróttaviðburði, enda gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Enn fremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Kynning og birting reglna

Við ráðningu skal kynna Samskipta- og siðareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á reglum þessum geta varðað áminningu eða uppsögn. Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.

Stefna Festu lífeyrissjóðs um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar

Gildissvið

Stefna Festu lífeyrissjóðs um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar (hér eftir „**stefnan**“ eða „**stefna þessi**“) gildir fyrir Festa lífeyrissjóð (hér eftir „**Festa**“ eða „**sjóðurinn**“).

Sjóðurinn getur í gegnum starfsemi sína haft áhrif á sjálfbærni, þ.e. umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Tilgangur og markmið

Festa er langtímafjárfestir sem hefur það að meginmarkmiði að tryggja sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Sjóðurinn tekur við iðgjaldi sjóðsfélaga, ávaxtar það á ábyrgan og hagkvæman hátt í samræmi við fjárfestingastefnu á hverjum tíma. Stefna sjóðsins er að hámarka þær greiðslur með því að ná sem bestri langtímaávöxtun, að teknu tilliti til áhættu. Það er í höndum stjórnar Festu að leggja árlega fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir hvernig sjóðurinn hyggst ná þessu markmiði, bæði með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Að auki leggur stjórn áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji, eftir því sem við verður komið, við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignahlut í og skal hún einnig höfð til viðmiðunar við fjárfestingaákvæðanir.

Samhliða fjárfestingarstefnunni og hluthafastefnunni setur stjórn fram þessa stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Stefnan skilgreinir helstu áherslur sjóðsins í sjálfbærni og lýsir því hvernig hann hyggst tileinka sér þær í starfsemi sinni. Stefnan fjallar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, umhverfismál, félagslega þætti, stjórnarhætti og ábyrgar fjárfestingar.

Stefnan markar enn fremur siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins, sem lífeyrissjóður ber að setja sér skv. 5. tölul. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Festa leggur áherslu á ábyrgar fjárfestingar, þ.m.t. að fjármunir sjóðsfélaga nýtist til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag og takmarka eins og kostur er neikvæð áhrif af fjárfestingum. Við fjárfestingar er þar af leiðandi einnig tekið tillit til þeirra viðmiða sem falla undir ábyrgar fjárfestingar að því marki sem lög leyfa og að teknu tilliti til hlutverks sjóðsins um hámarksun lífeyrisréttinda sjóðsfélaga.

Festa leggur áherslu á að sjónarmið um sjálfbærni endurspeglast í rekstri sjóðsins, ákvörðunum stjórnenda og liggi jafnframt til grundvallar við ávöxtun fjármuna sjóðsins. Áherslur Festu í sjálfbærni skiptast í umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (hér eftir sameiginlega vísað til sem „**UFS-þættir**“). Viðmið í umhverfismálum snúa að því hvernig fyrirtæki gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar. Félagsleg viðmið snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í. Viðmið um stjórnarhætti snúa t.d. að stjórnun fyrirtækja, launum framkvæmdastjóra, innra eftirliti og réttindum hluthafa. UFS-þættir eru lykilþættir í rekstri sjóðsins sem og við mat á fjárfestingum.

Stefnan tekur mið af innri og ytri reglum og öðrum stefnum sjóðsins, svo sem fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnháttayfirlýsingu. Nánari upptalningu á þeim stefnum og innri reglum, sem taka að hluta eða öllu leyti til ofangreindra atriða, er að finna í viðauka I við þessa stefnu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Stefna þessi tekur mið af [heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#).¹ Festa styður við öll heimsmarkmiðin en hefur þó ákveðið að leggja sérstaka áherslu á markmið nr. 5. um jafnrétti kynjanna, nr. 7. um sjálfbæra orku, nr. 8. um góða atvinnu og hagvöxt, nr. 9. um nýsköpun og uppbyggingu og nr. 12. um ábyrga neyslu og framleiðslu þar sem þau falla best að starfsviði sjóðsins. Sérstaklega verður horft til þeirra áskorana tengdum heimsmarkmiðunum sem skilgreind hafa verið af íslenskum stjórnvöldum og sjóðurinn getur haft og/eða hefur bein áhrif á með starfsemi sinni.



Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað

- Kynjaskipting starfa á vinnumarkaði
- Misvægi kynja í efstu lögum atvinnulífsins
- Draga markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

- Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi
- Stuðla að orkuskiptum í samgöngum á hafi, í lofti og á landi



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

- Efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu
- Aukin framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag
- Jöfn tækifæri og jöfn laun fyrir sömu vinnu



Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

- Nýsköpun í öllum atvinnugreinum
- Efla innviði í samgöngum og ferðaþjónustu



Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

- Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga
- Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu til að tryggja að nýting auðlinda fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar
- Stuðla að ferðaþjónustu í sátt við náttúru og samfélag

¹ Heimsmarkmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015 og gilda til ársins 2030. Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Heimsmarkmiðin eru leiðarljós þeirra sem vilja stuðla að sjálfbærni í heiminum á næstu árum.

Umhverfismál

Til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni reynir Festa eftir fremsta megni að vernda umhverfið í allri starfsemi sinni og auka umhverfisvitund meðal haghafa. Í samstafi við Reitun metur sjóðurinn árlega útgefendur skráðra hlutabréfa og skuldabréfa í safni sjóðsins m.t.t. atriða sem falla undir UFS-þætti.

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á umhverfismál í rekstri og nánasta umhverfi. Sjóðurinn er ábyrgur í auðlindanotkun og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og úrgang frá rekstri. Við ákvörðunartöku um tilhögun funda, ferðalaga og innkaupa og vörum og þjónustu er ávallt leitast við að lágmarka kolefnisspor. Rusl á vinnustað er flokkað og því er fargað á umhverfisvænan hátt. Pappír er afpakkadur í póstsendingum þar sem það er í boði, skjalavistun sjóðsins er að mestu orðin rafræn og ársreikningur sjóðsins er birtur á rafrænu formi, sbr. upplýsingastefna Festu lífeyrissjóðs.

Félagslegir þættir

Til að stuðla að félagslegri sjálfbærni skal leitast við að tryggja vellíðan fólks og öruggt og heilbrigt umhverfi. Sjóðurinn kemur fram af sanngirni við starfsfólk sitt, sjóðsfélaga og samfélagið sem sjóðurinn starfar í. Sjóðurinn hvetur samstarfsaðila sína til að huga að þessum þáttum í starfsemi sinni og leitast við að tryggja að unnið sé að félagslegum þáttum, enda er það samfélaginu öllu til góða.

Lögð er rík áhersla á að sjóðurinn sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður. Sjóðurinn hvetur starfsfólk sjóðsins til heilsueflingar og styrkir starfsfólk í heilsurækt. Í starfsmanna- og fræðslustefnu sjóðsins er lögð áhersla á gott starfsumhverfi, virðingu og umburðarlyndi í samskiptum, virka upplýsingagjöf til starfsmanna, teymisvinnu, þjálfun, heilsueflingu og endurmenntun starfsmanna. Sjóðurinn hefur einnig sett sér stefnu í málum er varða einelti, kynferðislega- eða kynbundna áreitni og ofbeldi. Meginefni stefnunnar er að einelti, áreitni, ofbeldi og vanlíðan er ekki umborin á vinnustað. Stjórnendum ber að stuðla að því að grundvallareglur samskipta á vinnustað séu virtar í hvívetna.

Festa tekur skýra stefnu gegn mismunun og metur alla einstaklinga jafnt. Sjóðurinn leggur áherslu á að skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Mismunun er ekki liðin á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs, kynhneigðar, fötlunar eða uppruna. Sjóðurinn hefur þá stefnu að gæta jafnréttis milli starfsfólks og að hver einstaklingur sé metinn að verðleikum.

Þá leggur sjóðurinn sig fram við að auðvelda sjóðsfélögum lífið og bjóða þeim framúrskarandi þjónustu, m.a. með aukinni rafrænni þjónustu.

Stjórnarhættir

Með góðum stjórnarháttum leggur Festa grunn að traustum samskiptum sjóðsfélaga, stjórnenda, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila og stuðlar að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun sjóðsins. Festa fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn gerir árlega grein fyrir stjórnarháttum sínum og metur með hliðsjón af leiðbeiningunum.

Sjóðurinn stundar heiðarleg og ábyrg viðskipti þar sem hvers konar mútur eða spilling er hvorki viðhöfð né liðin. Stjórn sjóðsins hefur m.a. sett verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna- og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga ásamt því að setja samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn sjóðsins. Verklagsreglurnar hafa það m.a. að markmiði að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og sviksemi ásamt því að endurspegla hvernig stjórnendur og starfsfólk hagar

samskiptum sínum við samstarfsfólk, eftirlitsstofnanir, aðila á fjármálamarkaði og samfélagið allt. Einnig eru til staðar reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka samþykktar af stjórn.

Starfsfólk fær reglulega fræðslu um tölvuöryggismál ásamt fræðslu um öryggismál í húsnæði sjóðsins, brunavarnir og þjálfun í viðbrögðum við bruna. Auk þess hefur sjóðurinn sett sér persónuverndarstefnu með það að markmiði að tryggja trúnað, áreiðanleika og örugga meðferð viðkvæmra upplýsinga. Hjá sjóðnum er starfandi persónuverndarfulltrúi.

Ábyrgar fjárfestingar

Festa viðurkennir mikilvægi ábyrgra fjárfestinga í starfsemi sinni, enda standa vonir til þess að sú aðferðafræði skili að jafnaði jákvæðum áhrifum á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dragi úr rekstraráhættu. Ábyrgar fjárfestingar snúast um að taka mið af fleiri mælikvörðum við fjárfestingar en hefðbundnum fjárhagslegum mælikvörðum. Festa hefur hliðsjón af leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) í starfi sínu.

Festa er stór fjárfestir á innlendum verðbréfamarkaði og meðvitaður um að sjóðurinn getur haft mikil samfélagsleg áhrif með fjárfestingarstarfsemi sinni, bæði aukið jákvæð áhrif og dregið úr neikvæðum áhrifum á UFS-þætti eða haft önnur óbein áhrif. Sjóðurinn er hins vegar lítill í alþjóðlegum samanburði og er stefna þessi því fyrst og fremst sett fram með innlendan verðbréfamarkað í huga. Erlendar fjárfestingar Festu fara að mestu fram í gegn um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði. Leitast er við að velja erlenda samstarfsaðila sem meðal annars hafa sett sér fullnægjandi viðmið varðandi ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærni, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Sjóðurinn leitast við að samþætta sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir án þess að fórna ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum.

Aðferðafræði

Stefna sjóðsins sem eiganda er að þau fyrirtæki sem sjóðurinn kemur að, starfi í sátt við umhverfi sitt, fylgi lögum og reglum og hafi leiðbeiningar um góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið að hverju sinni. Sjóðurinn getur notað atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum ef hann telur vera ósamræmi á milli stefnu fyrirtækis og viðmiða um góða stjórnarhætti.

Sjóðurinn sem eigandi, leitast við að stuðla að því að fyrirtæki starfi eftir almennum lögum og reglum, sinni upplýsingaskyldu og hafi UFS-þætti að leiðarljósi. Sjóðurinn hvetur sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.

Ef fyrirtæki sem Festa er eigandi að, verður uppvíst að háttsemi sem gengur gegn stefnu sjóðsins og/eða almennt viðurkenndum viðmiðum á sviði UFS-þátta að mati sjóðsins, mun sjóðurinn beita sér fyrir því að tafarlaust verði brugðist við slíku og látið af háttsemi. Jafnframt verður farið fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur. Ef ekki verður brugðist við með fullnægjandi hætti að mati Festu þá mun sjóðurinn taka það til skoðunar að selja viðkomandi eignarhlut að hluta eða heild ef svo ber undir.

Í tilfellum þar sem atvinnugreinar geta haft neikvæð umhverfis- eða samfélagsáhrif verður horft til þess við fjárfestingaákvörðun með hvaða leiðum unnið er að því að draga úr þessum áhrifum innan viðkomandi fyrirtækis.

Festa hefur væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn stofnar til samstarfs við, setji sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Slíkar stefnur eru einn þeirra þátta sem sjóðurinn tekur tillit til við val á samstarfsaðilum.

Neikvæðri skimun kann að vera beitt í undantekningartilvikum. Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt, áskilur sjóðurinn sér rétt til að útiloka það úr fjárfestingarmengi sínu. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfelli sem beitt er í þeim tilvikum þegar aðrar leiðir hafa ekki reynst færar til að ná markmiðum sjóðsins.

Við mat á fjárfestingum er jafnframt m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- | | |
|---|--|
| - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | - Alþjóðalög og alþjóðasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt |
| - Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna | - Greiningar á viðeigandi UFS-þáttum fyrirtækja |
| - Leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð | - Starfsleyfisskýrði |
| - Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og SA um stjórnarhætti fyrirtækja | - Upplýsingagjöf varðandi UFS-þætti, t.d. GRI skýrslur, |
| - Nasdaq UFS-skýrslur eða önnur viðeigandi upplýsingagjöf | |

Samstaf og viðmið

Festa er stofnaðili að IcelandSIF,² en tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Festa leggur áherslu á að samstarfsaðilar sjóðsins, þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd sjóðsins og sjóðstjórar taki tillit til viðmiða um ábyrgar fjárfestingar í starfsemi sinni. Festa leitast eftir samstarfi við aðra fjárfesta, sjóðstjóra, greiningaraðila og hagsmunaaðila við að innleiða ábyrgar fjárfestingar á Íslandi.

Sjóðurinn hefur ásamt hópi norrænna lífeyrissjóða sett sér það markmið um 10% eigna sjóðsins verði í grænni orku í lok ársins 2030. Framangreind markmiðasetning er unnin í samstarfi við Climate Investment Coalition (hér eftir „CIC“), sem eru alþjóðleg samtök opinberra- og einkaaðila er vinna að því að virkja og hvetja til fjárfestinga í grænni orku og loftslagslausnum. CIC hefur m.a. það hlutverk að fylgjast með framvindu þessarar markmiðasetningar.

Þá er sjóðurinn aðili að viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar, sem gefin var út af Ríkisstjórn Íslands, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum á Íslandi árið 2020. Með viljayfirlýsingunni skuldbindur sjóðurinn sig m.a. til að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og þeirra viðmiða sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér, svo sem markmiðið um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040, markmið Parísarsamkomulagsins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030.

Endurskoðun og framfylgni stefnunnar.

Stefna þessi er birt á heimasíðu Festu. Stjórn sjóðsins samþykkir stefnuna. Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu þessarar gagnvart stjórn. Stefna þessi verður endurskoðuð árlega.

Samþykkt á stjórnarfundum Festu 21. desember 2022.

² Sjá nánar <http://www.icelandsif.is/>

Viðauki I

Stefnur, verklagsreglur og starfsreglur er lúta að innri starfsemi sjóðsins

Stjórnarhættir

- Samskipta og siðareglur
- Persónuverndarstefna
- Hluthafastefna
- Starfsmannastefna
- Öryggisstefna
- Útvistunarstefna
- Starfskjarastefna
- Áhættustefna
- Starfsreglur stjórnar
- Starfsreglur framkvæmdastjóra
- Starfsreglur sjóðstjóra
- Verklagsreglur Festa lífeyrissjóðs um ábendingar starfsmanna
- Fjárfestingarstefna
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna
- Starfsreglur/skipunarbréf fyrir Endurskoðunarnefnd
- Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga

Félagslegir þættir

- Starfskjarastefna
- Samskipta og siðareglur
- Persónuverndarstefna
- Starfsmannastefna
- Hluthafastefna
- Reglur um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Stefna í málum er varða einelti, kynferðislega eða kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað.
- Reglur/heimildir um styrki til starfsfólks lífeyrissjóðsins vegna heilsueflingar
- Verklagsreglur um ábendingar starfsmanna
- Reglur um meðferð heilsufarslegra upplýsinga
- Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga

Umhverfisþættir

- Hluthafastefna
- Samskipta og siðareglur
- Upplýsingastefna
- Fjárfestingarstefna

Starfskjarastefna ársins 2024

Gildissvið og markmið

Starfskjarastefna Festu lífeyrissjóðs tekur mið af samþykktum sjóðsins sem og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Starfskjarastefnan tekur til starfskjara stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna sjóðsins.

Markmið með starfskjarastefnu þessari er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins. Starfskjarastefnunni er ætlað að samtvinna langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins.

Gæta skal að viðurkenndum jafnréttis- og jafnlaunasjónarmiðum við ákvörðun launa og starfskjara.

Starfskjör stjórnarmanna

Ársfundur sjóðsins skal skipa starfskjaranefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund Festu.

Starfskjaranefndin skal skipuð fjórum mönnum sem kosnir eru á ársfundi sjóðsins. Tveir nefndarmanna skulu kosnir af fulltrúum stéttarfélaga í fulltrúaráði og tveir af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Nefndarmenn sem ársfundur kys geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna.

Festa greiðir ferða- og dvalarkostnað vegna starfa stjórnarmanna í þágu sjóðsins.

Starfskjör framkvæmdastjóra

Í samræmi við samþykktir og starfsreglur stjórnar sjóðsins skulu laun og önnur starfskjör koma fram í skriflegum ráðningarsamningi framkvæmdastjóra. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra og veitir honum lausn en stjórn sjóðsins getur falið formanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og starfskjör samanber starfsreglur stjórnar.

Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi framkvæmdastjóra sjóðsins og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi. Í ráðningarsamningi skulu koma fram greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og ákvæði um uppsagnarfrest.

Miða skal við að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

Starfskjör lykilstarfsmanna

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjóðsins og ráðningu starfsmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Við ráðningu lykilstarfsmanna skal framkvæmdastjóri hafa samráð við formann og varaformann stjórnar sjóðsins.

Við ákvörðun starfskjara lykilstarfsmanna skal gætt sömu sjónarmiða og koma fram í gr. 1.2. Ef um frávik er að ræða skal það borið undir formann og varaformann stjórnar sjóðsins.

Starfskjör annarra starfsmanna

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjóðsins og ráðningu starfsmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins kemur einnig að ráðningu starfsmanna annarra en lykilstarfsmanna sjóðsins.

Við ákvörðun starfskjara starfsmanna skal gætt sömu sjónarmiða og koma fram í gr. 1.2. Ef um frávik er að ræða skal það borið undir formann og varaformann stjórnar sjóðsins.

Skaðleysi stjórnar og starfsmanna

Sjóðurinn skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn, framkvæmdstjóra og aðra lykilstarfsmenn sjóðsins, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu sjóðsins. Sjóðurinn skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir sjóðinn að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.

Sjóðurinn greiðir iðgjald starfsábyrgðartryggingar og eðlilegan kostnað af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga með fyrirvara um rétt til endurkröfu, komi síðar í ljós að viðkomandi hafi í umræddu tilviki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við sjóðinn eða ákvæðum laga í starfi sínu fyrir þá.

Upplýsingagjöf

Ársreikningur sjóðsins skal tiltaka starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma.

Starfskjarastefnan skal birt í ársskýrslu og á heimasíðu Festu.

Samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefnan skal samþykkt á ársfundi sjóðsins með eða án breytinga.

Ef vikið er frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn sjóðsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Gera skal grein fyrir slíkum frávikum á næsta ársfundi sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundi Festu lífeyrissjóðs 26. mars 2024

Staðfest af ársfundi Festu lífeyrissjóðs 6. maí 2024

Ársreikningur 2024

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Hlutverk lífeyrissjóðsins

Festa lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn rekur skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ, en auk þess eru skrifstofur á Akranesi og á Selfossi.

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er gerður samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í þremur deildum, samtryggingardeild, almennri og tilgreindri séreignardeild. Ávöxtun eigna samtryggingardeildar og séreignardeilda er að fullu aðskilin, en eignasafn séreignardeilda er rekið sameiginlega. Á árinu greiddu til samtryggingardeildar sjóðsins samtals 20.223 sjóðfélagar hjá 3.128 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiddu í hverjum mánuði á árinu, voru 15.903. Iðgjöld námu 16.764,0 millj. kr. sem er 9,1% hækkun frá fyrra ári. Í árslok eiga 113.401 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar sjóðsins voru 8.235,6 millj. kr. á árinu 2024, sem er 12,7% hækkun frá fyrra ári.

Lífeyrisþegar voru 12.764, en þeim fjölgaði um 298 frá fyrra ári. Ellilífeyri fengu 8.568, örorkulífeyri 3.049, makalífeyri 689 og barnalífeyri 458. Hafa ber í huga að margir lífeyrisþegar fá greidda fleiri en eina tegund lífeyris.

Til almennrar séreignardeildar greiddu á árinu 513 sjóðfélagar hjá 297 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar í almennri séreignardeild voru 261. Til tilgreindrar séreignardeildar greiddu á árinu 537 sjóðfélagar hjá 378 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild voru 437. Iðgjöld séreignardeilda námu 242,9 millj. kr., sem er um 6,7% hækkun frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin 227,7 millj. kr. Þess ber að geta að af iðgjöldum séreignardeildar námu iðgjöld tilgreindrar séreignardeildar 148,0 millj. kr. Í árslok eiga 6.194 sjóðfélagar réttindi í almennri séreignardeild og 926 sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 71,5 millj. kr., samanborið við 59,8 millj. kr. árið áður. Lífeyrisþegar voru alls 84. Ellilífeyri fengu 79, örorkulífeyri fengu 4 og einn fékk lífeyri vegna andláts. Hafa ber í huga að margir lífeyrisþegar fá greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Jafnframt nýttu 55 sjóðfélagar séreignardeildar sér ákvæði laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á íbúðarlán.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 30.777,2 millj. kr. samanborið við 19.717,2 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 470,1 millj. kr. samanborið við 456,0 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,16% samanborið við 0,17% árið áður. Hjá sjóðnum störfuðu 17 starfsmenn í 15,3 stöðugildum og nam heildarfjárhæð launa 240,6 millj. kr., launatengd gjöld voru 60,7 millj. kr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 320,0 ma. kr. í árslok. Á árinu hækkaði hún um 39,8 ma. kr., eða um 14,2%. Af fjárfestingum sjóðsins voru 39,5% í erlendum gjaldmiðlum og 60,5% í íslenskum krónum. Félög og sjóðir námu 53,8% fjárfestinga, en skuldabréf og innlán 46,2%. Sé horft til undirliggjandi eigna verðbréfasjóða, nema hlutabréf og sérhæfðir sjóðir 45,7% fjárfestinga, en skuldabréf og innlán nema 54,3%.

Ávöxtun

Íslenskt efnahagslíf hefur einkennst af hægari hagvexti á árinu 2024 miðað við fyrri ár og minnkandi verðbólgu. Fram til október 2024 voru meginvextir óbreyttir í 9,25, þar sem þeir höfðu staðið frá ágúst 2023. Í október 2024 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti um 0,25% og aftur í nóvember sama ár um 0,5%, sem færði meginvexti bankans niður í 8,5%. Þessi vaxtalækkun kom í kjölfar hjöðunar verðbólgu og minnkandi spennu í þjóðarþúinu.

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Ávöxtun (framhald)

Aðalvísitala skuldabréfa (NOMXIBBTA) hækkaði um 7,30% á árinu. Verðbólga mældist 4,77% yfir árið og því var raunávöxtun aðalvísitölu skuldabréfa um 2,41%.

Ávöxtun af innlendum og erlendum hlutabréfum var góð á árinu. Úrvalsvísitalan með arði hækkaði um 19,30% en heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 19,19% mælt í USD. Íslenska krónan styrktist um 3,82% gagnvart helstu myntum árið 2024. Hún veiktist hins vegar um 1,47% gagnvart USD. Ávöxtun heimsvísitölu í krónu mældist jákvæð um 20,94%.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar var jákvæð um 10,62% á árinu 2024 sem jafngildir 5,58% hreinni raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 2,79%. Ef lítið er til 10 ára er meðaltalið jákvætt um 4,07%. Hrein nafnávöxtun séreignardeildar I var jákvæð um 8,75% og hrein raunávöxtun hennar 3,80%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar séreignardeildar I síðustu 5 ár er neikvætt um 3,12%. Hrein nafnávöxtun séreignardeildar II var jákvæð um 14,41% og hrein raunávöxtun hennar var jákvæð um 9,20%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar séreignardeildar II síðustu 5 ár er jákvætt um 1,50%. Ef lítið er til 10 ára er meðaltalið jákvætt um 2,94%. Eignir séreignardeilda eru allar metnar á markaðsvirði.

Tryggingafræðileg úttekt

Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur hjá Talnakönnun hf. hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2024. Samkvæmt úttektinni eru endurmetnar eignir 6.749,6 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga. Heildareignir, þ.e. endurmetnar eignir og núvirt framtíðariðgjöld eru 1.265,2 millj. kr. hærri en heildarskuldbindingar, miðað við 3,5% vexti. Eignir umfram skuldbindingar í árslok 2024 nema því 0,2%. Tryggingafræðileg staða batnar verulega milli ára sem rekja má til góðrar ávöxtunar eigna og lægri tíðni örorku. Ef ekki hefðu komið til nýjar sértækar líkur um örorku hefði staðan orðið -2,6% í lok árs 2024.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Með góðum stjórnarháttum í starfsemi Festu lífeyrissjóðs er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur og ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarhátta hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins lítið til og haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður Festa traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Þau gildi sem starfsmenn Festu hafa tileinkað sér eru traust, ábyrgð og festa. Með þau gildi að leiðarljósi vinna starfsmenn að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins verði haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

Festa lífeyrissjóður starfar á grundvelli starfsleyfis fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, samþykktu sjóðsins og annarra reglna sem um lífeyrissjóði gilda.

Stjórn Festu hefur samþykkt fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025. Um form og efni hennar ásamt úttekt á ávöxtun fer eftir reglugerð útgefinni af fjármálaráðuneytinu nr. 916/2009 með síðari breytingum. Í fjárfestingarstefnu eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Stefnan miðar að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir því veigamiklu hlutverki í áhættustýringu hans.

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Stjórnarhættir og áhættustýring (framhald)

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu, sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins þar sem því verður við komið. Stjórnin leggur áherslu á að áhættustefnan sé virk í starfsemi sjóðsins og er hún árlega tekin til umræðu á vettvangi stjórnar og eftir atvikum til endurskoðunar í heild eða að hluta. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því.

Stjórn leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji, eftir því sem við verður komið, við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignarhlut í.

Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Frekari upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu nr. 23 í ársreikningnum. Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2024 er birt í heild í ársskýrslu sjóðsins.

Upplýsingastarf

Sjóðurinn birtir í aðdraganda ársfundar auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og afkomu sjóðsins fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir sjóðfélögum hálfárslega, í mars og september, yfirlit yfir móttækin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum. Með yfirlitinu í mars fylgir jafnframt sjóðfélagaþréf þar sem greint var frá starfseminni á liðnu ári. Með yfirliti í september, er greint frá samþykktarbreytingum á ársfundi ef einhverjar eru. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemi, eignasafn, iðgjald, lífeyrisrétt og lánareglur. Sjóðfélagar geta með rafrænu auðkenni nálgast upplýsingar um greiðslusögu sína, réttindi og væntar lífeyrisgreiðslur á sjóðfélagavef sjóðsins.

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Ytra starfsumhverfi sjóðsins árið 2024 einkenndist af hárrí verðbólgu fyrir hluta ársins sem fór síðan lakkandi þegar liða tók á árið. Seðlabanki Íslands hóf vaxtalækkunarferli haustið 2024. Það ásamt væntingum markaðsaðila leiddi til bættrar ávöxtunar innlendra hlutabréfa og skuldabréfa. Aukin og þrálát verðbólga hefur mjög neikvæð áhrif á skuldbindingar sjóðsins sem eru að fullu verðtryggðar. Lækkun verðbólgu er því mikið hagsmunamál fyrir sjóðinn. Enn er til staðar óvissa í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi. Mikilvægir innviðir eru í hættu og því forgangsmál að tryggja öryggi þeirra eins og unnt er. Fyrirætlanir nýrrar ríkisstjórnar í málefnum ÍL-sjóðs eru óljósar enn sem komið er, en auknar væntingar eru um að samningar um uppgjör skulda sjóðsins náist á árinu 2025.

Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga. Þar sem lífeyrisbyrði sjóðsins er tiltölulega lág, er vænt greiðsluflæði jákvætt til lengri tíma. Hann mun því stækka hratt á næstu árum og fylgja því vissar áskoranir í skipulagi og starfsmannahaldi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Festa lífeyrissjóður telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Lífeyrissjóðurinn fylgir ákvæði í gr. 66.d í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem fram kemur m.a. að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Hvað gerð stefnu í þessum málum varðar byggir lagaákvæðið á svokallaðri „fylgja eða skýra reglur“ (e. comply or explain).

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Viðskiptalíkan Festu lífeyrissjóðs

Hjá lífeyrissjóðnum starfa 17 starfsmenn í 15,3 stöðugildum á þremur starfsstöðvum. Umhverfislegt umfang takmarkast við rekstur skrifstofa sjóðsins og taka aðföng, hráefnisnotkun og umhverfisáhrif rekstursins mið af því.

Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því að meginhlutverk hans samkvæmt lögum og samþykktum hans er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau og greiða út lífeyri vegna elli, örorku og fráfalls sjóðfélaga. Meginþættir í starfsemi sjóðsins lúta því, auk móttöku og skráningu iðgjalda og reksturs lífeyrisdeildar, að fjárfestingastarfsemi. Innlendum fjárfestingum er að meginstefnu stýrt beint af sjóðnum en erlend eignasöfn sjóðsins eru að mest leyti í vörslu erlendra eignastýringaraðila á grundvelli samninga þar um. Stór hluti sjóðfélaga á aðild að sjóðnum á grundvelli kjarasamninga en ákveðinn hluti sjóðfélaga sem ekki byggja kjör sín á kjarasamningum eru einnig aðilar að sjóðnum.

Til að gæta að hæfisreglum, réttri meðferð fjármuna sjóðsins og þáttum eins og spillingu og mútumálum er m.a. byggt á eftirfarandi;

- a. Stjórn hefur sett sjóðnum samskipta- og siðareglur.
- b. Stjórn hefur samþykkt reglur um uppljóstrara (e. Whistleblower).
- c. Stjórn hefur sett reglur um viðskipti stjórnar og starfsmanna með fjármálagerninga.
- d. Stjórn hefur samþykkt stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar.
- e. Stjórn hefur samþykkt viðamikla áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sem yfirfarin er árlega.
- f. Í gildi eru reglur sjóðsins sem ætlað er að sporna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. gildandi lög þ.a.l.
- g. Innra eftirlit sjóðsins er stutt af skjöludum reglum og ferlum og byggir meðal annars á margþættum aðskilnaði starfa, afstemmingum og krossprófunum sem eru til þess fallnar að styðja við traustan rekstur.
- h. Innri endurskoðun sjóðsins er áhættumiðuð og tekur mið af reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða.
- i. Innri og ytri endurskoðendur og Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafa með höndum margþætt fjárhagslegt og ófjárhagslegt eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins.
- j. Í hluthafastefnu sjóðsins er m.a. lögð áhersla á að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í ástundi góða stjórnarhætti og séu rekin lögum samkvæmt.
- k. Fjárfestingarstefna sjóðsins er samþykkt af stjórn og tekur hún m.a. á þeim siðferðilegu viðmiðum sem koma fram í stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar.
- l. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Endurskoðunarnefnd sjóðsins fylgist með virkni innra eftirlits og áhættustýringar og er í reglulegum samskiptum við innri og ytri endurskoðendur sjóðsins er varðar fjárhagsleg og ófjárhagsleg málefni hans.

Megináhrif sjóðsins á samfélagslegt umhverfi

Megináhrif sjóðsins á samfélagslegt umhverfi sitt felst annars vegar í getu hans og styrk til að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri og hins vegar í fjárfestingarstarfsemi og aðkomu hans að innlendum fjármálamarkaði. Það gerir sjóðurinn meðal annars með ábyrgum fjárfestingum og góðum stjórnarháttum.

Lífeyrissjóðurinn greiðir nú um 700 milljónir króna á mánuði í lífeyri til sjóðfélaga sinna og nema heildareignir sjóðsins tæplega 320 milljörðum króna. Árleg tryggingafræðileg úttekt, áhættustefna og áhættustýringarstefna sjóðsins gegna mikilvægu hlutverki hvað þennan þátt í rekstri sjóðsins varðar. Forstöðumaður áhættueftirlits sjóðsins gefur stjórn reglulega skýrslur varðandi ýmsa áhættuþætti sjóðsins.

Fjárfestingastarfsemi sjóðsins byggir á samþykktari fjárfestingarstefnu sem kynnt er í ársskýrslu og á vef sjóðsins. Þar koma m.a. fram siðferðileg viðmið sjóðsins í fjárfestingum. Gerð er sérstök grein fyrir framfylgni sjóðsins við stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar í ársskýrslu sjóðsins.

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Iceland SIF

Lífeyrissjóðurinn er meðal stofnaðila að Iceland SIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Megintilgangur þess er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og stuðla að aukinni umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Lífeyrissjóðurinn hefur þegar stigið skref í framkvæmd stefnu hans um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar og mun gera áfram á komandi mánuðum og árum. Til marks um það er meðal annars nálgun sjóðsins á einstök fjárfestingarverkefni. Áhersla er lögð á að flétta saman ábyrgar fjárfestingar og það hlutverk sjóðsins að ná góðri langtímaávöxtun á þær eignir sem sjóðurinn hefur í umsjá sinni. Sjóðurinn mun leitast við að sýna frumkvæði í þeim efnum á sama tíma og hann lítur til þess sem vel er gert af öðrum aðilum á fjármálamarkaði.

Góðgerðarmálefni

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um að sjóðnum sé ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi en er lítur að starfsemi hans. Af því leiðir að sjóðnum er óheimilt að inna af hendi fjárframlög til góðgerðarmála.

Starfsmannamál

Festa leggur áherslu á að skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Mismunur er aldrei liðin hvort sem er á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs, uppruna eða annarra ástæðna. Hjá sjóðnum starfa 17 manns þar af tíu konur og sjö karlar. Starfsmannavelta hjá sjóðnum hefur verið mjög lítil í gegn um árin. Sjóðurinn hefur þá stefnu að gæta jafnréttis milli karla og kvenna og að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum.

Launahlutfall framkvæmdastjóra reiknað sem hlutfall af miðgildi launa allra starfsmanna var 2,29 á starfsárinu.

Áætlun gegn einelti og áreitni

Það er stefna sjóðsins að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, áreitni og vanlíðan er ekki umborin á vinnustaðnum. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Stjórnendum ber að stuðla að því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Í þessu skyni hefur sjóðurinn sett sér stefnu í málum er varða einelti, kynferðislega- og/eða kynbundna áreitni og ofbeldi.

Heilsuvernd og öryggismál

Festa viðurkennir mikilvægi heilsuefingar og styrkir starfsfólk sjóðsins í heilsurækt. Einstaka starfsmenn sjóðsins hafa jafnframt sótt námskeið í fyrstu hjálpi. Þar sem því verður við komið eru upphækkarleg börð á starfsstöðvum. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um tölvuöryggismál ásamt fræðslu um öryggismál og brunavarnir í húsnæði sjóðsins, ásamt þjálfun í viðbrögðum við bruna. Öryggishnappar hafa verið settir upp hjá því starfsfólki sem sinnir þjónustu við sjóðfélaga.

Starfsmannastefna- og fræðslustefna

Í starfsmanna- og fræðslustefnu sjóðsins er lögð áhersla á að sjóðurinn sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður. Í henni er lögð áhersla á gott starfsumhverfi, virka upplýsingagjöf til starfsmanna, teymisvinnu, þjálfun, heilsuefingu og endurmenntun starfsmanna, virðingu og umburðarlyndi í samskiptum.

Persónuvernd

Festa hefur sett sér persónuverndarstefnu og hjá sjóðnum er starfandi persónuverndarfulltrúi. Engar kvartanir vegna brota á reglum eða lögum um persónuvernd bárust á árinu 2024 og engir öryggisbrestir eða leki á persónuupplýsingum átti sér stað á árinu.

Varnir gegn spillingar- og mútumálum

Sjóðurinn hefur sett sér samskipta- og siðareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Einnig eru til staðar reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka samþykktar af stjórn. Lögð er áhersla á að upplýsa nýja starfsmenn um samskipta- og siðareglur sjóðsins. Jafnframt hefur starfsfólk verið upplýst um reglur varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á starfsmannafundum, auk innri verkferla þ.a.l.

Hjá sjóðnum er starfandi ábyrgðarmaður um eftirlit og hlýtingu með einkaviðskiptum starfsmanna og stjórnar ásamt sérfræðingi í áhættueftirliti.

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Umhverfismál

Sjóðurinn hefur þá stefnu að flokka og skila raf- og rafeindatækjum, sem ekki eru notuð lengur við rekstur hans, til endurvinnslu og er með því dregið úr ofnýtingu auðlinda. Mörg raftæki innihalda fágæta málma sem nýst geta aftur auk þess að innihalda hættuleg spilliefni sem meðhöndla þarf með viðeigandi hætti.

Skjalavistun sjóðsins er að mestu orðin rafræn. Þegar hefur dregið úr pappírsmarkaði af þessum sökum. Þannig dróst kostnaður sjóðsins vegna pappírs og ritfanga saman sem nemur 52,2% á milli ára 2023-2024. Markmið sjóðsins er að skjalavistun verði að fullu rafræn til framtíðar. Póstburðarkostnaður sjóðsins dróst að sama skapi saman um 78,5% á milli ára.

Sjóðurinn leggur jafnframt áherslu á orkusparnað í starfseminni. Kostnaður vegna hita og rafmagns dróst saman um 15% á milli ára 2022-2023, en jókst síðan lítillega eða um 8,4% á milli ára 2023-2024.

Lögð er áhersla á lágmörkun og flokkun úrgangs til endurvinnslu meðal starfsfólks og góða nýtingu matvæla í mötuneyti sjóðsins til að sporna við matarsóun.

Mannréttindi

Mannréttindi eru grundvallarréttindi sem allir menn eiga kröfu til. Lífeyrissjóðurinn metur alla jafnt og mismunar fólki ekki á grundvelli kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, trúarbragða, heimspekilegrar sannfæringar eða annarra ástæðna.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið atburðir sem gætu haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins staðfesta hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2025

Stjórn

Eyrún Jana Sigurðardóttir
formaður

Sigurður Ólafsson
varaformaður

Silja Eyrún Steingrimsdóttir
meðstjórnandi

Halldór Kristinnsson
meðstjórnandi

Þór Hreinsson
meðstjórnandi

Kristín Magnúsdóttir
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri

Gylfi Jónasson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Festu lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024, breytingu á handbæru fé á árinu 2024 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2024.
 - Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024.
 - Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2024.
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
 - Deildaskipt yfirlit, sem innifela deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024, deildaskiptan efnahagsreikningur 31. desember 2024 og deildaskipt yfirlit um sjóðstreymi 2024.
- Skýrsla stjórnar, údráttur úr ársreikningi á ensku og ársskýrsla sjóðsins eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óbæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við höfum ekki veitt sjóðnum aðra þjónustu en endurskoðun á árinu 2024.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
<i>Mat óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum</i> <i>Vísad er til skýringa nr. 2.1 um grundvöll reikningsskila, skýringu nr. 11 um eignarhluti í félögum, skýringu nr. 12 um blutdeildarskírteini og sjóði og skýringu nr. 22 um fjármálagerninga.</i> Bókfært verð eignarhluta í félögum og sjóðum nam 167.193 millj. kr. (2023: 146.295 millj. kr.) eða 52% af heildareignum þann 31. desember 2024, af því eru 47.097 milljarðar kr. óskráð (2023: 42.613 millj. kr.). Þessar óskráðu eignir eru flokkaðar í gangvirkðisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi. Meðal eignarhluta í félögum og sjóðum eru óskráðar eignir. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins. Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirförum aðferðafræði og forsendur við mat. - Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin. - Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks óskráðra fjárfestinga - Í þeim tilvikum þar sem verðmat byggðist á nýlegum viðskiptum voru þau viðskipti sannreynd. - Flokkun óskráðra fjárfestinga í stigkerfi gangvirkðis var yfirfarin. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
<i>Mat á lífeyrisskuldbindingu</i> Lífeyrisskuldbinding samtryggingardeildar sjóðsins nam 596.555 millj. kr. þann 31. desember 2024 (2023: 573.555 millj. kr.). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2024 nam 0,2% þar sem eignir voru umfram skuldbindingar í árslok. (2023: -4,4%). Lífeyrisskuldbinding er reiknuð út af óháðum tryggingastærðfræðingi. Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati á lífeyrisskuldbindingu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Við lögðum mat á óhæði og hæfi tryggingastærðfræðings. - Ferli við útreikninga var yfirfarið. - Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga - Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar ásamt yfirliti um tryggingafræðilega stöðu.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, viðauki við ársreikning um úrdrátt úr ársreikningi á ensku og ársskýrsla sjóðsins, sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 7. maí 2018. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi sjóðsins og höfum við því verið endurskoðendur sjóðsins samfelld í sjö ár.

Reykjavík, 26. mars 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld	3		
Iðgjöld sjóðfélaga		4.531.780	4.115.974
Iðgjöld launagreiðenda		12.909.183	11.745.104
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(434.058)	(264.989)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði		877.531	852.164
		<u>17.884.437</u>	<u>16.448.253</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	4	8.307.093	7.367.554
Annar beinn kostnaður vegna örorku		14.955	15.284
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		105.060	96.949
		<u>8.427.107</u>	<u>7.479.787</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5	20.209.597	8.970.012
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5	10.395.785	10.650.050
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		128.921	66.592
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		114.892	88.660
Fjárfestingargjöld	6	(71.948)	(61.142)
		<u>30.777.247</u>	<u>19.714.172</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7,8,9	470.102	455.971
		<u>470.102</u>	<u>455.971</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		39.764.475	28.226.667
Hrein eign frá fyrra ári		<u>280.213.914</u>	<u>251.987.247</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>319.978.389</u>	<u>280.213.914</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31/12/2024	31/12/2023
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10,11,12,15	167.192.992	146.294.790
Skuldabréf	13,14,15	143.547.994	126.539.693
		<u>310.740.986</u>	<u>272.834.483</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	16	2.492.267	2.152.031
Aðrar kröfur	16	2.125.099	1.045.912
		<u>4.617.366</u>	<u>3.197.942</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	17	42.434	48.542
Handbært fé	18	4.774.628	4.298.736
Eignir samtals		<u>320.175.414</u>	<u>280.379.704</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
	19		
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		54.532	59.202
Aðrar skuldir		142.493	106.589
		<u>197.025</u>	<u>165.790</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>319.978.389</u>	<u>280.213.914</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign sameignardeildar		318.111.012	278.736.778
Hrein eign séreignardeildar		1.867.377	1.477.135
		<u>319.978.389</u>	<u>280.213.914</u>
Skuldbindingar utan efnahags	21		
Aðrar skýringar	22,23		
Kennitölur	24		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

	2024	2023
Inngreiðslur		
Iðgjöld	16.709.077	15.378.348
Framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði	1.729.695	0
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	318.363	248.224
Aðrar inngreiðslur	0	3.100
	<u>18.757.136</u>	<u>15.629.671</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	8.421.425	7.479.131
Rekstrarkostnaður	469.782	429.458
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	2.571	12.357
Aðrar útgreiðslur	73.848	70.775
	<u>8.967.627</u>	<u>7.991.722</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>9.789.509</u>	<u>7.637.949</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	3.441.635	3.883.999
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(59.940.451)	(26.054.468)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	53.881.431	20.793.129
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	9.790.909	8.493.471
Keypt skuldabréf	(19.087.996)	(16.129.415)
Seld skuldabréf	2.684.571	2.232.180
Ráðstöfun alls	<u>(9.229.901)</u>	<u>(6.781.104)</u>
Hækkun handbærs fjár	559.609	856.845
Gengismunur af handbæru fé	(83.717)	(112.794)
Handbært fé í upphafi árs	<u>4.298.736</u>	<u>3.554.685</u>
Handbært fé í árslok	<u>4.774.628</u>	<u>4.298.736</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2024

Tryggingafræðileg staða	Skýr.	31/12/2024		
Eignir	20	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		318.111.012	0	318.111.012
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		3.846.365	0	3.846.365
Núvirði framtíðariðgjalda		0	275.862.947	275.862.947
Eignir samtals		321.957.377	275.862.947	597.820.324
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		266.124.449	209.362.268	475.486.717
Örorkulífeyrir		47.141.294	42.615.124	89.756.418
Makalífeyrir		10.821.181	7.012.871	17.834.052
Barnalífeyrir		289.300	1.694.437	1.983.737
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		4.330.743	7.163.442	11.494.185
Skuldbindingar samtals		328.706.967	267.848.142	596.555.109
Eignir umfram skuldbindingar		(6.749.590)	8.014.805	1.265.215
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		-2,1%	3,0%	0,2%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		-7,3%	-1,2%	-4,4%

Tryggingafræðileg staða	31/12/2023		
Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	278.736.778	0	278.736.778
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	1.374.735	0	1.374.735
Núvirði framtíðariðgjalda	0	268.258.341	268.258.341
Eignir samtals	280.111.513	268.258.341	548.369.854
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	239.169.567	205.297.257	444.466.824
Örorkulífeyrir	49.115.609	49.475.264	98.590.873
Makalífeyrir	9.639.488	6.982.560	16.622.047
Barnalífeyrir	277.666	2.796.892	3.074.558
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar	3.875.711	6.924.892	10.800.603
Skuldbindingar samtals	302.078.041	271.476.865	573.554.907
Eignir umfram skuldbindingar	(21.966.528)	(3.218.525)	(25.185.053)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-7,3%	-1,2%	-4,4%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	-6,5%	-2,4%	-4,6%

Skýringar

1. Starfsemi Festu lifeyrissjóðs

Festa lifeyrissjóður starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lifeyrisréttinda og starfsemi lifeyrissjóða og hefur til þess fullt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lifeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lifeyrisréttinda og starfsemi lifeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs, en að auki rekur hann tvær séreignardeildir.

Lifeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lifeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lifeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Séreignardeildir Festu lifeyrissjóðs taka við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í samtryggingardeild lifeyrissjóðsins, ásamt öðrum sem þess óska, er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignardeild. Séreignardeildirnar bjóða upp á tvær ávöxtunarleidir með vel dreifðu eignarsafni.

Aðildarfélög sjóðsins eru eftirfarandi: Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr., Félag iðn- og tæknigreina, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðs- og sjómannafélag Grindavíkur, VR, Báran stéttarfélag, Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Snæfellinga og Stéttarfélag Vesturlands.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lifeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum við gerð ársreiknings lifeyrissjóðsins fyrir árið 2024.

2.2. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum, sem er bæði starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill lifeyrissjóðsins. Allar tölur eru settar fram í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

2.3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau. Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringar 11 og 12.
- ii) Tryggingafræðileg staða, sjá skýringu 20.

2.4. Iðgjöld

Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lifeyrissjóða er fært sem sérstakur liður undir iðgjöld. Áætluð óinnheimt iðgjöld ásamt dráttarvöxtum eru færð í efnahagsreikningi undir liðnum kröfur á launagreiðendur. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn og greiðslur sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsársins.

2.5. Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum. Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og á fallinn gengismunur á eignir í árslok.

2.5a. Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 6 um fjárfestingargjöld. Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

2.5b. Tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og heimildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 6 um fjárfestingargjöld. Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5 má sjá hreinar fjárfestingartekjur 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

2.5c. Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknar til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu nr. 6 er greint frá beinum fjárfestingargjöldum sem greidd eru af sjóðnum, auk áætlaðra og reiknaðra fjárfestingargjalda vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfum. Slíkur kostnaður er ekki greiddur af sjóðnum sjálfum, heldur þáttaður inn í gengi viðkomandi eigna.

2.6. Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lifeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

2.7. Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og öðrum fjárfestingum. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmata þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

2.7. Fjárfestingar (framhald)

2.7a. Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagæringar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf, sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta. Gangvirði fjármálagæringa sem skráðir eru á skipulegum markaði er markaðsverð í árslok, en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 22. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stígskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

2.7b. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfa- og sérhæfðra sjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

2.7c. Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði skuldabréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok rekningsárs. Í skýringu nr. 13 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

2.7d. Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til tapsáhættu vegna óvissu um innheimtu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Niðurfærslureikningurinn er dreginn frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok. Í skýringu nr. 14 er gerð frekari grein fyrir niðurfærslu skuldabréfa og útlána.

2.7e. Aðrar fjárfestingar

Undir aðrar fjárfestingar eru færðar allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði sem taldir eru upp hér að ofan. Hér eru meðal annars færðar húseignir og lóðir sem tekin voru yfir til fullnustu greiðslu. Fullnustueignir eru færðar á gangvirði eða kostnaðarverði hvort sem lægra reynist á reikningsskiladegi.

2.8. Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært til lækkunar á kröfunum samkvæmt niðurstöðu slíks mats.

2.9. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði og greinast þannig: Fasteign undir starfsemi sjóðsins er afskrifuð um 2%, endurbætur á fasteigninni um 6,7%, innréttingar, skrifstofutæki og tölvu- og hugbúnaður um 25%.

2.10. Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Í skýringu 18 er nánari grein gerð fyrir skiptingu gjaldmiðla í lok árs.

2.11. Umreikningur í íslenskar krónur

Eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands í árslok.

2.12 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að geta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

3. Iðgjöld

	31/12/2024	31/12/2023
Iðgjöld samtryggingardeildar greinast þannig:		
Iðgjöld á tímabilinu.....	17.197.431	15.637.227
Réttindaflutningur og endurgreiðslur nettó.....	(433.394)	(268.853)
	<u>16.764.037</u>	<u>15.368.373</u>
Iðgjöld séreignardeildar greinast þannig ¹⁾:		
Iðgjöld á tímabilinu.....	243.532	223.852
Réttindaflutningur og endurgreiðslur nettó.....	(664)	3.864
	<u>242.868</u>	<u>227.715</u>
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði.....	877.531	852.164
Iðgjöld samtryggingar- og séreignardeildar samtals.....	<u>17.884.437</u>	<u>16.448.253</u>

1) Þar af numu iðgjöld í tilgreinda séreign 148,0 milljón króna á árinu 2024 samanborið við 142,6 milljónir árið 2023.

Skýringar

4. Lífeyrir

Lífeyrir samtryggingardeildar greinist þannig:

	Samtals 31/12/2024	Samtals 31/12/2023
Ellilífeyrir	5.633.067	4.956.886
Örorkulífeyrir	2.289.726	2.051.632
Makalífeyrir	245.248	235.124
Barnalífeyrir	67.552	64.105
	8.235.593	7.307.748

Lífeyrir séreignardeildar greinist þannig:

Greiðslur iðgjalda inn á húsnæðislán.....	16.713	23.075
Ellilífeyrir.....	51.495	34.826
Makalífeyrir.....	74	1.521
Örorkulífeyrir.....	3.218	385
	71.499	59.806
Lífeyrir samtryggingar- og séreignardeildar samtals.....	8.307.093	7.367.554

5. Hreinar fjárfestingartekjur

Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum greinast þannig:

	Bókfært verð 31/12/2024	Arður	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur 2024	Hreinar tekjur 2023
Arion banki hf.....	5.681.479	328.687	511.165	839.852	406.138
Hagar hf.....	5.326.412	116.878	1.306.478	1.423.356	478.421
Jarðvarmi slhf.....	2.728.343	0	246.496	246.496	48.678
Íslandsbanki hf.....	2.697.985	143.973	288.195	432.167	(60.890)
Bláa Lónið hf.....	2.656.117	0	(17.935)	(17.935)	0
Sildarvinnslan hf.....	2.625.665	49.577	(303.350)	(253.773)	(411.627)
Reitir fasteignafélag hf.....	2.456.381	48.698	691.707	740.405	(90.913)
IS Lausafjársefni.....	2.435.910	2.327	129.001	131.328	135.832
Hampiðjan hf.....	2.343.102	25.145	(866.229)	(841.084)	461.232
SRE III slhf.....	2.303.109	0	430.663	430.663	0
Aðrar og smærri eignir.....	22.693.075	212.088	5.162.589	5.374.677	327.220
	53.947.578	927.373	7.578.780	8.506.153	1.294.092

Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum greinast þannig:

	Bókfært verð 31/12/2024	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breyting/arður	Hreinar tekjur 2024	Hreinar tekjur 2023
Ishares Developed World Index Fund.....	24.497.431	354.521	3.794.566	4.149.087	3.194.162
Vanguard EGS Developed World Index.....	9.446.819	(374.895)	995.220	620.325	0
Alpha UCITS SICAV W.S.G. Fund.....	8.083.081	(302.496)	174.878	(127.619)	0
Katla Global Value Fund.....	6.582.695	(259.656)	785.445	525.789	867.361
JBT Marel Corporation.....	5.783.577	(270.756)	402.225	131.469	0
Skagen KON-TIKI F.....	5.342.239	(506.962)	681.598	174.636	(91.808)
Amundi Funds - Bond Global Aggregate.....	5.125.936	(235.102)	545.000	309.898	150.726
Black Rock USD (SP500).....	4.819.518	37.855	716.398	754.252	545.692
Alvotech S.A.....	3.517.568	0	158.306	158.306	293.628
Skagen M2.....	3.017.100	(277.387)	128.152	(149.235)	2.063
Aðrar og smærri eignir.....	37.029.450	115.627	5.040.909	5.156.536	2.714.096
	113.245.414	(1.719.252)	13.422.696	11.703.444	7.675.920
Samtals hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....				20.209.597	8.970.012

Skýringar

5. Hreinar fjárfestingartekjur (framhald)

Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2024	Samtals 2023
Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga:					
Ríkisvixlar og skuldabréf.....	2.505.601	0	0	2.505.601	3.319.206
Skuldabréf sveitarfélaga.....	812.385	0	0	812.385	1.111.798
Skuldabréf og vixlar lánastofnana.....	458.383	0	0	458.383	475.218
Fasteignaveðtryggð skuldabréf.....	909.272	0	(4.592)	904.679	843.156
Önnur verðbréf.....	1.639.619	22.138	(8.939)	1.652.818	2.486.260
	6.325.259	22.138	(13.531)	6.333.866	8.235.638
Skuldabréf færð á gangvirði:					
Ríkisvixlar og skuldabréf.....	828.766	40.243	0	869.009	972.210
Skuldabréf sveitarfélaga.....	1.124.531	0	0	1.124.531	513.548
Skuldabréf og vixlar lánastofnana.....	838.025	0	0	838.025	394.128
Önnur verðbréf.....	1.230.355	0	0	1.230.355	534.526
	4.021.677	40.243	0	4.061.920	2.414.412
Samtals tekjur af skuldabréfum.....	10.346.935	62.381	(13.531)	10.395.785	10.650.050

6. Fjárfestingargjöld

	Bein fjárfestingargjöld	Áætluð/reiknuð fjárfestingargjöld	Fjárfestingargjöld samtals	Meðalstaða undirliggjandi eigna á árinu	Hlutfall fjárfestingargjalda af meðalstöðu
Árið 2024					
Fjárfestingargjöld					
Allar deildir					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	168	29.395	29.563	2.530.260	1,17%
Innlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	230.446	230.446	13.401.271	1,72%
Erlendir verðbréfasjóðir.....	95	303.027	303.121	68.475.597	0,44%
Erlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	491.288	491.288	28.345.440	1,73%
Kaup og sölubóknarir verðbréfavíðskipta.....	33.175	0	33.175	185.084.120	0,02%
Vörslubóknarir.....	38.511	0	38.511	0	0,00%
Umsýslubóknarir útvistunar eignastýringar.....	0	3.724	3.724	845.936	0,44%
Fjárfestingargjöld samtals.....	71.948	1.057.879	1.129.827	298.682.624	0,38%
Samtryggingardeild					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	0	24.468	24.468	2.239.560	1,09%
Innlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	230.446	230.446	13.401.271	1,72%
Erlendir verðbréfasjóðir.....	0	301.360	301.360	67.939.977	0,44%
Erlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	491.288	491.288	28.345.440	1,73%
Kaup og sölubóknarir verðbréfavíðskipta.....	33.175	0	33.175	185.084.120	0,02%
Vörslubóknarir.....	38.511	0	38.511	0	0,00%
Fjárfestingargjöld samtals.....	71.686	1.047.562	1.119.248	297.010.368	0,38%
Séreignardeild, sparnaðarleið 1					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	28	894	922	68.776	1,34%
Umsýslubóknarir útvistunar eignastýringar.....	0	376	376	112.342	0,33%
Fjárfestingargjöld samtals.....	28	1.270	1.298	181.119	0,72%
Séreignardeild, sparnaðarleið 2					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	140	4.033	4.173	221.924	1,88%
Erlendir verðbréfasjóðir.....	95	1.667	1.761	535.619	0,33%
Umsýslubóknarir útvistunar eignastýringar.....	0	3.348	3.348	733.594	0,46%
Fjárfestingargjöld samtals.....	235	9.047	9.282	1.491.137	0,62%

Skýringar

6. Fjárfestingargjöld (framhald)

Árið 2023	Bein fjárfestingargjöld	Áætluð/reiknuð fjárfestingargjöld	Fjárfestingargjöld samtsals	Meðalstaða undirliggjandi eigna á árinu	Hlutfall fjárfestingargjalda af meðalstöðu
Fjárfestingargjöld					
Allar deildir					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	214	43.401	43.615	6.942.075	0,63%
Innlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	208.057	208.057	11.553.259	1,80%
Erlendir verðbréfasjóðir.....	634	266.838	267.471	55.944.009	0,48%
Erlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	437.073	437.073	26.450.177	1,65%
Kaup og sölupóknarir verðbréfavíðskipta.....	26.004	0	26.004	161.686.098	0,02%
Vörslupóknarir.....	34.290	0	34.290	0	0,00%
Umsýslupóknarir útvistunar eignastýringar.....	0	3.622	3.622	680.343	0,53%
Fjárfestingargjöld samtsals.....	61.142	958.991	1.020.133	263.255.962	0,39%
Skipting fjárfestingargjalda á deildir					
Samtryggingardeild					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	0	40.525	40.525	6.704.776	0,60%
Innlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	208.057	208.057	11.553.259	1,80%
Erlendir verðbréfasjóðir.....	0	265.631	265.631	55.534.026	0,48%
Erlendir sérhæfðir sjóðir.....	0	437.073	437.073	26.450.177	1,65%
Kaup og sölupóknarir verðbréfavíðskipta.....	26.004	0	26.004	161.686.098	0,02%
Vörslupóknarir.....	34.290	0	34.290	0	0,00%
Fjárfestingargjöld samtsals.....	60.294	951.286	1.011.580	261.928.337	0,39%
Séreignardeild, sparnaðarleið 1					
Innlendir verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir.....	106	647	753	54.482	1,38%
Umsýslupóknarir útvistunar eignastýringar.....	0	263	263	71.257	0,37%
